Ritröð um grunnþætti menntunar

JAFNRÉTTI

Jafnrétti er hugtak sem nær til margra þátta eins og aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda umburðarlyndis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur meðal annars í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina kringumstæður og fordóma sem geta leitt til mismununar og forréttinda. Í skólastarfi þurfa allir að eiga hlut að málum og taka höndum saman um að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Leggja ber áherslu á að bæði stúlkur og drengir eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Hvergi í skólastarfi, hvorki í inntaki né starfsháttum, mega vera hindranir í vegi annars hvors kynsins.

Ritröð um grunnþætti menntunar

JAFNRÉTTI – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum

© 2013 Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir
Kápuhönnun: Kristín Ragna Gunnarsdóttir
Umbrot og textavinnsla: Kristín Ragna Gunnarsdóttir og Námsgagnastofnun

Ritnefnd: Berglind Rós Magnúsdóttir, Hafsteinn Karlsson, Torfi Hjartarson
Tengiliður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sesselja Snævarr
Ritstjórn: Aldís Yngvadóttir, Sylvía Guðmundsdóttir

2013 Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja – umhverfisvottuð prentsmiðja
ISBN 978-9979-0-1626-7

JAFNRÉTTI

Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum

Kristín Dýrfjörð
Þórður Kristinsson
Berglind Rós Magnúsdóttir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Námsgagnastofnun

EFNISYFIRLIT

Ávarp . . . 3
Formáli . . . 4
Jafnrétti – Einn af grunnþáttum menntunar . . . 6
1. Hvað er jafnrétti? . . . 8
Skóli án aðgreiningar – skóli margbreytileikans . . . 8
Ríkjandi hugmyndafræði . . . 10
Hugmyndir um kyn . . . 12
Hugmyndir um menningu . . . 14
Hugmyndir um kynhneigð . . . 15
2. Kynjajafnrétti . . . 17
Kvenleiki eða karlmennska . . . 19
Kynhneigð og kynvitund . . . 19
Kynbundið ofbeldi . . . 21
Kynferðisleg áreitni . . . 22
Kynferðisofbeldi gagnvart börnum . . . 22
3. Menning, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð, lífsskoðanir . . . 26
Fjölmenningarlegur skóli . . . 26
Fordómar . . . 28
Rétt mál? . . . 29
Lífsskoðun og trúarbrögð . . . 30
4. Fötlun . . . 33
Viðhorf til fatlaðs fólks . . . 34
Feimnismál? . . . 35
Fötlun og félagslegt réttlæti . . . 36
5. Aldur . . . 39
6. Stétt og búseta . . . 44
Efnahagsauður . . . 44
Menningar- og félagsauður . . . 46
Búseta . . . 49
7. Jafnrétti í skólum . . . 51
Jafnréttisgleraugu . . . 51
Samþætting jafnréttismenntunar í öllu skólastarfi . . . 53
Stjórnendur og starfslið skóla . . . 56
Andi skólastarfs og umhverfi . . . 60
8. Lokaorð . . . 64
Þakkir . . . 64
Tilvísanir . . . 65
Heimildir . . . 66

ÁVARP

Í nýrri menntastefnu eru skilgreindir sex grunnþættir. Þeir eru í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga og mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Miklu skiptir að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þessum grunnþáttum er m.a. ætlað að bæta úr því. Allir ættu að njóta menntunar sem dugir til þess að þeir geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvort sem þeir eru í fjármálalífinu, stjórnmálum, fjölmiðlum eða á öðrum sviðum. Skólar eru í raun einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfa gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum.

Það eru gömul sannindi og ný að engin raunveruleg þróun verður í skólastarfi nema fyrir tilstuðlan kennara og skólastjórnenda. Lengi má lagfæra menntastefnu, skipulag, námsgögn og skólabyggingar en ef breytingum er ekki fylgt eftir í skólunum skila þær ekki árangri. Innleiðing nýrrar hugsunar í skólastarfi byggist á góðri samvinnu menntayfirvalda við þá sem bera hitann og þungann af skólastarfinu.

Ég ber þá von í brjósti að útgáfa sex þemahefta um grunnþætti hafi farsæl áhrif á skólastarf í landinu á tímum endurreisnar samfélagsins og hvet starfsfólk skóla, foreldra, forráðamenn og nemendur til að kynna sér vel efni heftanna og starfa í anda þeirra.

Katrín Jakobsdóttir

mennta- og menningarmálaráðherra

FORMÁLI

Í almennum hluta aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og skóla 2011 er í fyrsta sinn gerð grein fyrir sex grunnþáttum í íslenskri menntun. Þeir eru *læsi*, *sjálfbærni*, *heilbrigði og velferð*, *lýðræði og mannréttindi*, *jafnrétti* og *sköpun*. Grunnþættirnir ná til starfshátta, inntaks og námsumhverfis og eiga að stuðla að samfellu í skólakerfinu. Allir eiga þeir sér stoð í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og skóla, hver með sínum hætti, og skulu allir speglast í daglegum verkum nemenda og kennara. Með nýrri aðalnámskrá er dregið fram hve mikilvægu hlutverki þessir þættir gegna í skólastarfi.

Til að auðvelda kennurum og skólastjórnendum og starfsfólki skóla að átta sig á inntaki grunnþáttanna og flétta þá inn í skólastarf var ákveðið að gefa út rit um hvern þátt. Þar er leitast við að varpa ljósi á grunnþættina og vekja til umhugsunar um tækifæri tengd þeim í starfi skóla. Höfundar ritanna hafa farið ólíkar leiðir við verk sín og nálgast efnið frá ýmsum sjónarhornum en miða allir að sama marki; að ritin verði kennurum og öðru skólafólki til umhugsunar og hvatningar og ekki síst til leiðbeiningar í daglegu starfi skólans.

Ábyrgð og frumkvæði við innleiðingu grunnþáttanna hvílir á herðum skólastjórnenda í samvinnu við kennara og annað starfsfólk skóla. Þeir gegna forystuhlutverki í samvinnu við sitt fólk við að tryggja að grunnþættirnir endurspeglist í stefnu skólans og starfsháttum. Skapa þarf vettvang fyrir kennara og aðra starfsmenn til að skipuleggja hvernig grunnþáttunum verði best fyrir komið í daglegu starfi. Dæmi um leiðir eru

- leshringir, hópvinna og umræður
- kaffihúsafundir
- umfjöllun um einstaka kafla
- SVÓT-greining
- áætlanagerð
- sjálfsmat

og fleira til að meta samskipti og skólabrag út frá grunnþáttunum, greina stöðu mála, leggja upp kosti, þróa skólanámskrá og flétta þættina inn í daglegt skólastarf.

Stjórnendur skóla þurfa einnig að horfa inn á við og íhuga eigið starf og stjórnunarhætti með hliðsjón af hugmyndum um grunnþættina, hlutverk námsgreina eða námssviða, samvinnu starfsmanna, möguleika nemenda, náms- og kennsluhætti, velferð og líðan, leik og sköpunargleði, skólamenningu, nærsamfélag skóla og skapandi skólastarf. Sama máli gegnir raunar um alla sem tengjast skólastarfinu. Mikilvægt er að skoða með opnum huga og gagnrýnum augum viðhorf okkar og venjur í ljósi grunnþátta menntunar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun hafa haft samvinnu um útgáfu rita um grunnþætti menntunar. Í þessu riti er fjallað um grunnþáttinn jafnrétti. Höfundar eru Krisín Dýrfjörð dósent við Háskólann á Akureyri, Þórður Kristinsson kennari við Kvennaskólann í Reykjavík og Berglind Rós Magnúsdóttir lektor í menntunarfræðum við Háskóla Íslands.

Ritnefnd

JAFNRÉTTI – EINN AF GRUNNÞÁTTUM MENNTUNAR

Jafnrétti og mannréttindi eru samofin. Hvorugt getur án hins verið. Jafnrétti snertir allt skólastarf, um það þarf að fjalla í skólum, bæði oft og víða, og það á að vera hluti af andrúmslofti og menningu hvers skóla.

Jafnréttismenntun á að fela í sér „gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og unglingum að greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra“ (*Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti,* 2011: 20). Markmið jafnréttismenntunar er jafnframt að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis. Stefnt er að því að allir hafi hlutverki að gegna í skólastarfi, allir taki þátt í að byggja þar lýðræðissamfélag þar sem jafnréttis, sanngirni og réttlætis er gætt í hvívetna og að öllum líði vel í skólanum.

Jafnréttismenntun er ein undirstaða *lýðræðis og mannréttinda* í skólum landsins. Gengið er út frá því meginviðhorfi að *allir* geti tekið þátt í samfélaginu. Jafnrétti og lýðræði eru hvort tveggja forsenda þess að samfélag geti verið sjálfbært enda byggir *sjálfbærni* á samvinnu og þátttöku allra. Í jafnréttissamfélagi fá allir tækifæri til *sköpunar*, stuðlað er að almennu læsi í sem víðustum skilningi og leitast við að tryggja *heilbrigði og velferð* allra einstaklinga og þjóðfélagshópa. Grunnþættir menntunar tvinnast saman á marga vegu og þegar grannt er skoðað verður ljóst að jafnrétti tengist öllum hliðum mannlegs lífs. Því verða seint gerð tæmandi skil.

Þetta rit á að vera brunnur hugmynda fyrir starfsfólk á öllum skólastigum og í því er fjallað um jafnrétti í skólastarfi frá mörgum hliðum. Einnig er vísað á efni sem getur gagnast kennurum og öðrum áhugasömum um jafnrétti í skóla og bent á leiðir til að beita jafnréttisjónarhorni í námi og kennslu. Fjallað er um nokkra þætti tengda jafnrétti og þeirri umfjöllun skipt í fimm hluta. Þannig reynum við að gera ólíkum þáttum mismununar sjálfstæð skil án þess að missa sjónar á meginviðfangsefninu jafnrétti.

Fjallað er um 1) kyn, kynhneigð og kynvitund; 2) menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir; 3) fötlun; 4) aldur og 5) stétt og búsetu. Í þessu felst sú hætta að lesendur hneigist til að líta á jafnréttismál sem sundurlausa búta en ekki eina heild. Meginkostur aftur á móti er að á þennan máta er hægt að halda utan um þessa þætti, skerpa sýn á þá og rýna til gagns. Í námskrá er lagt til að beita ákveðnum gleraugum við þá rýni og vísað til nýrra fræðigreina á borð við kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningarfræði og fötlunarfræði. Við munum í ritinu styðjast við nýja þekkingu sem þessar greinar hafa fært okkur og í stöku tilvikum fella nöfn fræðimanna og ártal verks inn í textann. Heimildaskrá er að finna aftast í verkinu.

Höfundum er fullljóst að sumar uppástungur að verkefnum í heftinu eiga ekki við öll skólastig. Breiddin í barna- og unglingahópnum er mikil og þegar vísa þarf sérstaklega til þeirra sem eru í yngri eða eldri kantinum, höfum við valið að fara þá leið að tala um börn annars vegar og um unglinga hins vegar. Þar er líka haft í huga að í leikskólum er venjan að tala um börn en ekki nemendur.

Stundum eru dregnar upp ákveðnar línur og lýst sterkum viðhorfum. Að sjálfsögðu er ekki þar með sagt að sýn höfunda sé óumdeild og að önnur sjónarmið geti ekki átt betur við. Við gerum ráð fyrir að viðhorf okkar veki til umhugsunar og umræðu og teljum að þá sé til nokkurs unnið. Við vonum að lesendur geti sótt í þetta hefti hugmyndir og spurningar, þanka og vísbendingar sem verða þeim að gagni hvar sem þeir starfa að uppeldi og menntun.

1 HVAÐ ER JAFNRÉTTI?

Þegar rætt er um jafnrétti í daglegu tali er oft átt við stöðu og jafnan rétt kvenna og karla – kynjajafnrétti. Hinsvegar er jafnréttishugtakið víðfeðmara og nær til mun fleiri þátta. Í aðalnámskrá eru nokkrir þeirra tilteknir en það eru aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Hugtakið *jafnrétti* er líka nátengt hugtökunum *mismunun* og *misrétti*, jafnréttishugtakið gengur gegn mismunun og gerir ráð fyrir að sambærileg tilvik fái sambærilega meðferð. Ólík tilvik aftur á móti geta kallað á sérstakan stuðning eða mismunandi meðferð til að jafnréttis sé gætt. Jafnrétti er grundvallarregla íslenskrar stjórnskipunar og tryggt í 65. grein stjórnarskrárinnar en þar segir: „*Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.*“ Ísland hefur einnig samþykkt ýmsa sáttmála sem lúta að mannréttindum, má þar nefna *Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmála Evrópu* og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Þessir sáttmálar eiga það sammerkt að tryggja á öllum réttindi, sem þar er kveðið á um, án nokkurs manngreinarálits. Ísland er aðili að *Salamanca-yfirlýsingunni* sem var samþykkt á ráðstefnu Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (e. *UNESCO*) 1994 um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir. Hún felur í sér nýjar hugmyndir sem byggja á þeirri sýn að öll börn og unglingar eigi rétt á menntun og að skólum beri að taka tillit til mismunandi þarfa einstaklinga. Ísland er einnig aðili að sáttmála Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um menntun fyrir öll börn (*Dakar-sáttmálanum*) en hann fjallar um menntun barna, m.a. með tilliti til aðgengis, gæða menntunar og kynferðis.

Skóli án aðgreiningar – skóli margbreytileikans

Stefna um *skóla án aðgreiningar* spratt upp sem andsvar við útilokun barna með fatlanir frá almennu skólakerfi en beinist nú gegn hvers konar útilokun hvort

Jafnréttishugtakið þróast í tímans rás og á sér ýmsar hliðar. Hér að neðan er þróun hugtaksins lýst með áherslu á kynjajafnrétti.

Jafn réttur og bann við mismunun (e. *equality of opportunities*): Áhersla lögð á að með alla sé farið eins óháð kynferði, uppruna o.s.frv. Með jöfnum rétti er unnið gegn lagalegri mismunun en ekki fengist við óbeina mismunun. Dæmi um jafnan rétt eru lög sem kváðu á um sömu námskrá fyrir drengi og stúlkur og lögðu af smíðar fyrir drengi og handavinnu fyrir stúlkur.

Sértækar aðgerðir (e. *positive or affirmative action*) tóku að mótast upp úr 1970. Ekki var talið nóg að afnema lagalegar hindranir heldur þótti mikilvægt að vinna upp halla fortíðar með tímabundnum aðgerðum. Kvennalistinn var afsprengi þessara hugmynda í íslenskum stjórnmálum, sem og fléttulistar þar sem gerð er krafa um jöfn hlutföll kynja á framboðslistum. Annað dæmi um sértæka aðgerð er átak Háskóla Íslands árið 2000 til að fjölga körlum í hjúkrunarfræði og konum í verkfræði.

Samþætting (e. *mainstreaming*): Hugmyndin er ung og kemur frá Evrópuráðinu. Kynja- og jafnréttissjónarmiðum skal þá fléttað inn í alla stefnumótum á öllum stigum og af öllum aðilum. Dæmi um slíka jafnréttisaðgerð er verkefnið kynjuð hagstjórn í fjármálaráðuneytinu frá árinu 2009. Kynjuð hagstjórn felst í að skoða allar áætlanir sem varða úthlutun og dreifingu fjármuna í ljósi af jafnrétti kynjanna. Annað dæmi er grunnþátturinn jafnrétti í aðalnámskrá (2011).

Jafnræði (e. *equity*) er hugtak sem segja má að nái yfir öll eldri hugtökin. Í þessu riti eru hugtökin jafnræði og jafnrétti lögð að jöfnu. Jafnræðishugtakið hefur verið áberandi í menntaumræðunni þegar rætt er um mun á námsárangri hópa (e. achievement gap), brottfall og fleiri þætti sem unnt er að mæla. Mikilvægt er þó að hafa í huga að jafnræðishugtakið nær til allra þátta skólastarfsins.

sem í hlut eiga fatlaðir eða aðrir hópar og einstaklingar. Í skóla án aðgreiningar er margbreytileika tekið fagnandi og einsleitni hafnað. Skóli án aðgreiningar tekur sérstaklega til allra þeirra hópa sem á einhvern hátt geta átt undir högg að sækja eða átt á hættu að fá ekki fulla hlutdeild í skólalífinu. Má þar nefna þá sem ekki búa yfir íslenskukunnáttu, þá sem búa við fötlun, ýmsa hópa sem búa við bág

félagsleg og efnahagsleg kjör eða börn og unglinga sem á einhvern hátt skera sig úr hópnum. Þetta á við um allt starf í skólanum.

Rétt eins og í aðalnámskrá er í þessu riti lögð áhersla á skóla án aðgreiningar, að hverju barni og ungmenni finnist því vel tekið í sínum skóla. Markmiðið er að allir eigi raunverulega hlutdeild í skólastarfinu, taki þar virkan þátt og búi við jafnrétti, hver svo sem aldur, félagsleg staða, uppruni, kyn eða lífsskoðun þeirra kann að vera. Markmið skóla án aðgreiningar er ekki síst að skoða hvernig stofnanir, stefnur, menning og uppbygging skóla styðja við eða draga úr kerfisbundnu misrétti og viðurkenna fjölbreytileika. Stefnan byggist á þeirri hugmynd að menntun sé réttur allra og að það sé samfélagsins að tryggja öllum menntun við hæfi. Skóli án aðgreiningar á í reynd að vera sáttmáli um réttlátt samfélag.

Skóli margbreytileikans samkvæmt Booth og Ainscow (2002) leggur áherslu á að

- börn, unglingar og starfsfólk séu öll í sömu metum og að virðing einkenni allt skólastarfið
- auka þátt barna og unglinga í að móta námskrá, skólamenningu og skólasamfélag
- skipuleggja upp á nýtt stefnu og starfshætti og móta menningu sem fagnar margbreytileika
- draga úr hindrunum í námi og leik, ekki aðeins fyrir börn og unglinga sem glíma við skerta getu eða hafa sérstakar þarfir, heldur öll börn og ungmenni
- læra af reynslu þeirra sem þurfa að yfirstíga hindranir hvað snertir aðgengi og þátttöku í skólastarfinu þannig að hægt sé að gera breytingar sem koma fleirum að gagni
- líta á margbreytileika meðal barna og unglinga sem tækifæri fremur en vandamál sem þurfi að yfirstíga

Ríkjandi hugmyndafræði

Jafnréttismenntun felur í sér greiningu og gagnrýna athugun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess. Kenningar og hugtök hjálpa til við að koma auga á hvar ójafnræði kann að leynast.

Ríkjandi hugmyndafræði er hugtak sem lýsir því hvernig mismunandi hugmyndir um hvað sé gott, rétt og æskilegt takast á í samfélaginu. Á grunni mismunandi hugmynda verður til *orðræða* sem fær mismikinn hljómgrunn í samfélaginu, að hluta eftir því hversu öflugir talsmenn hennar eru og hvaða leiðir eða bjargir þeir hafa til að tala í sem flest eyru. Orðræða er líklegri til þess að verða ríkjandi ef áhrifamiklir einstaklingar og valdastofnanir í samfélaginu taka undir eða samþykkja hana og hugmyndirnar að baki eru þeim þóknanlegar.

Áhrif orðræðu geta orðið slík að sú hugmyndafræði eða afstaða sem hún lýsir verði viðtekin og ríkjandi í samfélaginu. Ríkjandi hugmyndafræði er oft sett fram sem sannleikur, hafin yfir gagnrýni. Orðræðan verður að viðteknum hugmyndum sem mynda ramma um hugsun okkar, ramma sem erfitt getur verið að átta sig á eða greina. Hún getur orðið sem mergur og blóð, hluti af sjálfinu og félagslegri sýn okkar á heiminn.

Af umræðu sem varð fyrir nokkrum árum mátti glöggt greina að margir áttu erfitt með að sjá að bókin *Tíu litlir negrastrákar* væri á nokkurn hátt særandi eða óviðeigandi lesning fyrir lítil börn í nútímasamfélagi. Öðrum þótti hún mikil tímaskekkja og ganga gegn ríkjandi hugmyndafræði nýrra tíma. Uppruna sögunnar má rekja til kynþáttaníðssöngva frá tímum þrælahalds í Suðurríkjum Bandaríkjanna og bókin kom fyrst út í íslenskri útgáfu árið 1922. Sagan var hluti af æskubókmenntum fjölda Íslendinga í nokkrar

Starfsfólk í skólum þarf að gera sér vel ljóst að í öllu skólaumhverfi eru einstaklingar í mismiklum valda- og virðingarstöðum. Þar starfa ekki allir á sama grundvelli. Skólinn leggur að jafnaði áherslu á jafnræði og þátttöku allra en hann er líka aldurskiptur, kynjaður og stéttskiptur staður þar sem staða hvers einstaklings er að einhverju marki vegin og metin eftir viðteknum hugmyndum hvers tíma. Aldur barna og unglinga hefur mikið að segja um möguleg áhrif og jafnvel þátttöku í stjórn skóla, hvort sem litið er til formlegra eða óformlegra áhrifa. Hver kennari býr yfir miklu valdi og persónuleg afstaða og val um innhald og aðferðir skiptir máli. Börn, unglingar og foreldrar meta kennslu og fræði kennara í ljósi hugmynda sinna um kyngervi, kyn, kynþætti og fleiri þætti, stjórnendur fara með völd, kennarar eru yfir börn og unglinga settir og í þeirra hópi ríkja ýmiskonar áhrifa- og valdatengsl. Viðteknar hugmyndir og misjafnt áhrifavald lita skólastarf eins og önnur svið samfélagsins.

Bækur sem vöktu hörð viðbrögð og hægt er að nota til að ræða við börn og unglinga eru bleiku og bláu barnabækurnar sem komu út hjá Setbergi árið 2012, *Bleika bókin mín* og *Bláa bókin mín*. Þar voru dregnar upp sterkar og í margra augum vítaverðar staðalmyndir af hlutverkum, möguleikum og draumum stúlkna og drengja. Stelpur áttu að sinna húsverkum og halda sig sem næst heimilinu á meðan strákar áttu að beina athygli að geimferðum og vísindum. Umræðu um skýr dæmi eins og þessi má tengja allra handa efni og ótal dæmum þar sem staðalmyndir eru ekki jafn ljósar.[1]

kynslóðir. Margir kannast við að hafa sungið um negrastrákana á unga aldri og sums staðar má enn sjá textann á vefsíðum leikskóla. Þegar bókin kom út í endurútgáfu árið 2007 varð hún metsölubók vikum saman en nú brá svo við að margir brugðust ókvæða við anda bókarinnar og viðhorfi til kynþátta. Ríkjandi hugmyndafræði hafði tekið róttækum breytingum frá fyrri tíð. Bókin *Tíu litlir negrastrákar* kveikti á þessum tíma heitar umræður og býður enn upp á gott tækifæri til að ræða bækur og hugmyndir sem meiða, hugmyndafræði að baki efni sem þessu og þær spurningar hvar, hvort og hvernig hún á heima í nútímasamfélagi.

Hugmyndir um kyn

Ríkjandi hugmyndafræði eða þankagangur er oft augljós þegar hugmyndir um hefðbundin *kynhlutverk* eru annars vegar. Þannig er ekki óalgengt að fólk vísi í eðli kynjanna og haldi því fram að líffræðilegur munur stýri stöðu fólks eða störfum, að kynin séu hreinlega sköpuð til að sinna ólíkum hlutverkum. Þarna er ekki gerður greinarmunur á *líffræðilegu kyni* og *félagslegu kyni* eða *kyngervi*. Líffræðilega kynið segir ekki endilega til um hvernig fólk hagar sér, drengir eru ólíkir hver öðrum og stúlkur ólíkar hver annarri. Kynjamynstur eru vissulega sýnileg en þau eru langt í frá eins einhlít eða skýr og margir ætla.

Finna má mikinn mun á hlutverkum kynjanna eftir menningarsamfélögum og á örfáum áratugum hafa hugmyndir á Vesturlöndum um hvernig kynin eigi að haga sér tekið miklum breytingum. Hlutir og tákn sem eru eignaðir öðru kyninu geta færst yfir á hitt kynið á tiltölulega skömmum tíma. Við upphaf tuttugustu aldar þótti bleikur litur tilvalinn á unga drengi og var í huga margra afbrigði af

rauðum kóngalit. Ljósblár litur þótti aftur á móti tilvalinn fyrir stelpur og minna á Maríu mey og sakleysi. Nú tengja fleiri bleikt við stúlkubörn og blátt við drengi.

Ótrúlegustu atriði eru tengd öðru kyninu, verða kynjuð, allt frá ákveðnum starfsgreinum, eins og hjúkrun og smíði, að framkomu, orðalagi eða litavali á fötum. Þetta er svo gjarnan skýrt með vísun í líffræðilega eiginleika kynjanna.[2] Stundum verður menning okkar svo gegnsýrð af hugmyndum af þessu tagi að mörg okkar sjá ekki áhrifin sem þetta hefur né koma auga á kynjamisrétti í samfélaginu. Þá skortir gagnrýni á þau kynhlutverk, sem stúlkur og drengir, konur og karlar, virðast gegna.

Femínismi hefur verið skilgreindur á ýmsan máta en algengast er þó að líta svo á að hann standi fyrir einarða baráttu fyrir kvenfrelsi og jafnrétti kynjanna. Með því að beina athygli að áhrifum kyns í samfélaginu, setja upp kynjagleraugun, má sjá hvar kynin mæta tvískinnungi og óréttlæti. Baráttan fyrir auknu kynjajafnrétti hefur skilað samfélaginu miklum ávinningi frá því að kvenréttindakonur á liðnum öldum tóku að berjast fyrir rétti til menntunar og þátttöku í kosningum. Og samt er enn langt í land. Þetta má ráða af mun á launum kvenna og karla, þátttöku kynja í stjórnum fyrirtækja, eignum kynjanna og hlutdeild í forystu á ýmsum sviðum.

Guðný Guðbjörnsdóttir (2007) athugaði sjálfsmyndir og kynímyndir skólanema. Samkvæmt rannsóknum hennar er minna um að piltar flokkist kvenlægir en stúlkur karllægar og kynímyndir eru ekki eðlislægt bundnar við kyn. Rannsóknin var gerð á meðal framhaldsskólanema en í ljósi þess að sjálfsmynd er að mótast alla ævi má ætla að svipuð niðurstaða fengist í öðrum aldurshópum. Þetta vekur þær spurningar hvort minna mál sé fyrir stelpur að vera karllægar (strákastelpur) en stráka að vera kvenlægir (stelpustrákar) og þá hvers vegna. Má vera að það tengist virðingu eða völdum?

Jafnréttisbarátta kynjanna hefur ekki verið ein sigurganga. Með reglulegu millibili hefur komið bakslag. Þeir sem telja að sér vegið með auknum réttindum kvenna hafa náð að kveða niður jafnréttisraddir eða hampað sjónarmiðum sem eru andsnúin kynjajafnrétti. *Klámvæðing* er nærtækt dæmi um slíkt bakslag á síðustu árum. Hugtakið er notað til að lýsa því þegar myndmál, táknmyndir og orðfæri kláms lita eða móta hegðun og kringumstæður í

daglegu lífi. Skilgreiningar á hugtakinu *klám* hafa verið breytilegar en hér er stuðst við þá skilgreiningu að klám sé klúr og særandi framsetning á kynferðislegu efni. Klám er oft með ofbeldiskenndum undirtónum og konur í hlutverki undirsáta eða fórnalamba. Áhrif kláms má svo sjá í auglýsingum, kvikmyndum, tísku og tónlistarmyndböndum svo eitthvað sé nefnt. Smám saman verður klámvæðingin hluti af ríkjandi hugmyndafræði, hegðun og framsetning sem enduróma klám verða eðlilegur hluti af fasi kvenna og karla í ýmiss konar samskiptum og samhengi án þess að margir staldri við það eða veiti því sérstaka eftirtekt.

Klám – nekt – kynlíf. Klám snýst um sjónarhorn og afstöðu. Mikilvægt er að gera greinarmun á klámi annars vegar og nekt og kynlífi hins vegar. Konur eru kynverur ekkert síður en karlar og taka fullan þátt í kynlífi til jafns við þá. Brýnt er að leggja áherslu á það vald sem stelpur og strákar hafa til að velja og hafna í samskiptum sínum í kynlífi og þá ábyrgð sem í því felst. Í því sambandi er bent á nýtt fræðsluefni, t.d. myndina *Fáðu já: Stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs* ásamt leiðarvísi fyrir starfsfólk grunnskóla og fræðsluefni frá Embætti landlæknis sem ber heitið *Örugg saman*.

Tónlistarmyndbandið *All the Lovers* með Kylie Minogue var notað sem dæmi um óljós mörk klámmynda og tónlistarefnis í fræðslumyndinni *Fáðu já*. Tónlistarmyndbandið var ekki löngu síðar sýnt beint á eftir barnatíma í Ríkissjónvarpinu og vakti þá töluverð viðbrögð. Árið 2010 benti Katrín Anna Guðmundsdóttir á að klámvæðingin hafði gengið svo langt að börnum á leikskólaaldri var stillt upp á vafasaman hátt. Þetta mátti þá sjá í auglýsingum um búninga fyrir öskudag.

Hugmyndir um menningu

Þjóðhverfa er ágætt dæmi um sjónarhorn eða hugmyndafræði sem gjarnan verður ríkjandi. Hún felur í sér að fólk metur aðra menningarheima út frá sinni eigin menningu og hefur tilhneigingu til að líta svo á að eigin menning sé best eða sú eina rétta. Stolt yfir eigin uppruna og heimkynnum getur verið gott og gilt en gæta þarf þess að virða ekki lítils siði og menningu annarra. Lífsvenjur annarra þjóða kunna að virðast hjákátlegar ef þær eru ekki settar í samhengi við menningu og siði sem hafa mótast á löngum tíma. Til þess að sporna gegn þjóðhverfu

er hægt að tefla fram sjónarhorni menningarlegrar afstæðishyggju. Samkvæmt henni er litið svo á að engin menning og engar menningarlegar athafnir séu æðri öðrum heldur þurfi að setja athafnir fólks í rétt menningarlegt samhengi og meta þær á þeim grunni. Í því felst að leitast við að skilja án þess að dæma. Þetta þarf þó hvorki að merkja að ekki megi halda á lofti því sem sérstætt þykir eða eftirtektarvert né að samþykkja þurfi eða leggja blessun sína yfir allt sem lýtur að menningarhefðum eða félagslegum boðum, jafnvel niðurlægingu eða ofbeldi.

Umskurður kvenna er dæmi um venjur sem eiga sér menningarlegar rætur en vekja mörgum óhug. Þá hlýtur að vakna sú spurning hvort okkur beri að samþykkja umskurð í anda jafnréttis og virðingar fyrir fjölbreytileika. Því má leitast við að svara með hliðsjón af mannhelgi og félagslegu réttlæti. Hægt er að íhuga hvort umskurði sé beitt sem valdatæki og ræða um áhrif hans á heilsu og velferð. Á síðustu árum hafa borist fréttir af því að umskurður kvenna fari stundum fram á háþróuðum skurðstofum Vesturlanda og hægt er að ræða hvort það sé nokkuð ásættanlegra en umskurður við hættulegar aðstæður á fátækari svæðum Jarðar, hvort umskurður kvenna sé nokkurn tíma réttlætanlegur. Svo má líka benda á skurðaðgerðir á skapabörmum vestrænna kvenna í meintu fegrunarskyni og spyrja hvað þar ráði ferðinni, hvort þær eigi eitthvað skylt við umskurð samkvæmt framandi hefð í fjarlægum löndum. Þetta eru ekki einfaldar spurningar að glíma við en til þess fallnar að vekja til umhugsunar.

Hugmyndir um kynhneigð

Hinseginfræði hafa lagt áherslu á að skoða þá hópa sem falla utan garðs á grundvelli *tvíhyggju* þegar kemur að kynhlutverkum og kynhneigð. Í þá hópa falla t.d. lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir og transfólk.[3] Í hugmyndaheimi þar sem tvíhyggja er ráðandi er oftast litið svo á að annar hópurinn sé viðmiðið og þar með valdameiri en hinn. Ef sá sem tilheyrir valdameiri hópnum reynir að falla að valdaminni hópnum getur hann átt á hættu að líða fyrir það og jafnvel upplifa útilokun. Í þessu sambandi má benda á niðurstöður rannsóknar Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2007) þar sem kemur fram að hið karllæga frekar en hið kvenlæga virðist vera viðmiðið. Minna sé um að strákar flokkist kvenlægir en stúlkur karllægar.

Samkvæmt hugsunarhætti tvíhyggjunnar fellur fólk með aðra kynverund en ætlast er til af þeim vegna líffræðilegs kyns ekki í réttan hóp. Það getur valdið glundroða þegar kemur að því að flokka einstakling í annaðhvort konu eða karl, enda dregur það fram þá staðreynd að mörk á milli kynja geta verið óljós og breytileg í tíma og rúmi.

Lög og ýmsir sáttmálar

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (1989)
http://www.barnasattmali.is

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008
http://www.althingi.is/lagas/136a/2008010.html

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (1948)
http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar/sameinuduthjodirnar/mannrettindayfirlysing-sth/

Menntamálaráðuneytið. (2002). *Menntun fyrir alla: Yfirlýsing sett fram á alþjóðaráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000: Ísland: Skýrsla nefndar.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Salamanca-yfirlýsingin (1994)
http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2137

Samningur um réttindi fatlaðs fólks (2007)
http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobatskjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf

2 KYNJAJAFNRÉTTI

Kona

Þegar allt hefur verið sagt
þegar vandamál heimsins eru
vegin metin og útkljáð
þegar augu hafa mæst
og hendur verið þrýstar
í alvöru augnabliksins
— kemur alltaf einhver kona
að taka af borðinu
sópa gólfið og opna gluggana
til að hleypa vindlareyknum út.
Það bregst ekki.

Ingibjörg Haraldsdóttir

Samkvæmt úttekt Alþjóða efnahagsráðsins (e. *World Economic Forum*) frá 2012 er hvergi í heiminum meira jafnrétti á milli kynja en á Íslandi. Í henni er lagt mat á jafnrétti kynja í stjórnmálum, menntun, atvinnu og heilbrigðiskerfi. Af því sem okkur telst til tekna má nefna að hér hafa konur verið forseti og forsætisráðherra, að hér eru margar konur í langskólanámi og hafa gott aðgengi að námi, að hér er vel fylgst með konum á meðgöngu, barnadauði fátíður og hátt hlutfall kvenna á Alþingi og í ráðherrastólum. Jafnréttisbaráttan á Íslandi hefur vissulega skilað miklu í alþjóðlegum samanburði en samt þarf að gera betur á ýmsum sviðum.

Í nýlegri norrænni skýrslu[4] fyrir Norðurlandaráð, þar sem kannaðir voru hagir, líðan og lífsstíll norrænna ungmenna á aldrinum 16 til 19 ára, kemur á óvart hvað viðhorf íslenskra unglinga í jafnréttismálum eru afturhaldssöm. Um fjórir af hverjum tíu íslenskum piltum á þessum aldri telja að karlar eigi að ganga framar konum um störf. Nær helmingur íslenskra drengja á þessu aldursbili telur að konur eigi að vera heima með börnum þegar þau eru ung og 14% drengja eru fylgjandi því að konur eigi alls ekki að vinna úti. Þegar drengir eru spurðir hvor

eigi að ráða meira í sambúð konu og karls svara tæp 40% að það eigi karlinn að gera en rúm 7% stúlkna eru á þeirri skoðun. Þrátt fyrir þetta er mikill meirihluti beggja kynja þeirrar skoðunar að jafnrétti eigi að ríkja á milli kynjanna eða 96% stúlkna og 88% pilta. Þetta mikla misræmi í viðhorfum skýtur skökku við og er umhugsunarefni fyrir uppalendur.

Jafnréttisvika

Í Menntaskólanum í Kópavogi er ein vika á ári helguð jafnrétti. Þá kemur jafnrétti kynjanna við sögu með einum eða öðrum hætti í mestallri kennslu. Auk kennslunnar skipuleggur starfsfólk í samstarfi við nemendur dagskrá með allskyns viðburðum í skólanum þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna frá ýmsum sjónarhornum.

Þrátt fyrir að margt hafi breyst í átt til frekara jafnréttis kynjanna eru gamlar hugmyndir um hlutdeild og hlutverk þeirra býsna lífsseigar. Brýnt er að vinna með þessi viðhorf og vekja börn og unglinga til umhugsunar um þá heimsmynd og lífssýn sem birtist í hugmyndum um hefðbundin kynhlutverk. Æskilegt er að sögu kvenfrelsis- og jafnréttisbaráttunnar sé sinnt á eldri stigum í skólakerfinu, gera þarf sögu beggja kynja jafn hátt undir höfði og meta til jafns kvenlæg og karllæg viðfangsefni og sjónarhorn. Veita þarf unglingum innsýn í ýmiss konar kynjamun sem lýtur að menntun, námsvali, stöðu á heimilinu, vinnumarkaði, lífsstíl, neyslumynstri, umfjöllun í fjölmiðlum, launum og aðgengi að áhrifastöðum. Á vef Hagstofunnar, vef Jafnréttisstofu og vef Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna er hægt að nálgast gögn um stöðu kvenna og karla.

Verkefni um kynhlutverk

Börn og unglingar þurfa að læra að greina orðræðu um kynhlutverk og lesa í duldar merkingar. Koma ljósar og duldar hugmyndir um kynhlutverk fram í efni fyrir börn? Hvaða mynd er dregin upp af stelpum og strákum, konum og körlum í tölvuleikjum, auglýsingum, sjónvarpsþáttum og kvikmyndum? Hvernig er fjallað um kynin í netmiðlum? Hvernig eru íþróttafréttir annars vegar af stelpum og hins vegar af strákum? Byggist umfjöllunin á fordómum og staðalmyndum?

Kvenleiki eða karlmennska

Kvenleiki og *karlmennska* eru hugtök notuð yfir staðalmyndir af konum og körlum. Þessi hugtök geta verið gagnleg þegar leitast er við að greina hvernig ríkjandi hugmyndir stjórna hugsun okkar og gjörðum. Bæði hafa þau verið túlkuð á margvíslegan hátt og tengd jákvæðum og neikvæðum þáttum. Það sem einum þykir dæmigert fyrir konur þykir öðrum einkenna karla og oftast litast afstaðan af því í hvaða ljósi kynin eru skoðuð. Af jákvæðum þáttum má nefna vilja til samvinnu eða samkeppni, sköpunargáfu, hæfileika til að tjá sig, mýkt og umhyggju, aga, rökvísi, hlutlægni, kapp, baráttuþrek og hugrekki. Neikvæðir þættir gætu verið veiklyndi, undirgefni, áhrifaleysi, skortur á skynsemi eða rökvísi, áhættuhegðun, harka, óbilgirni, grimmd og yfirlæti.[5] Miklu skiptir að átta sig á að hugmyndir um kvenleika og karlmennsku taka breytingum, þær þarf alltaf að skoða með hliðsjón af samhengi, afstöðu þeirra sem um fjalla, sögu og menningu.

Verkefni um kvenleika og karlmennsku

Einn sterkasti mótunaraðilinn á unglingsárum eru fjölmiðlar. Fáið nemendur til þess að skoða í hverju það felst að vera „alvöru kona“ og „alvöru karl“ samkvæmt uppáhaldssjónvarpsþáttum þeirra. Sjónvarpsauglýsingar eru líka góður efniviður í umræðu um karlmennsku og kvenleika í fjölmiðlum. Umræða um hlut kynjanna í skólabókum kemur svo upp á yfirborðið endrum og eins. Fáið nemendur með ykkur í lið og skoðið birtingarmyndir kvenleika og karlmennsku í skólabókum og öðru námsefni á ykkar skólastigi.

Kynhneigð og kynvitund

Lagaleg staða samkynhneigðra er betri á Íslandi en víða annars staðar og umburðarlyndi almennings meira. Engu að síður benda rannsóknir til vanlíðunar samkynhneigðra unglinga. Í nýlegri íslenskri könnun Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur, Þórodds Bjarnasonar, Ársæls M. Arnarssonar og Andreu Hjálmsdóttur (2010) kom fram að samkynhneigðum nemendum í 10. bekk líður að jafnaði mun verr í skólanum en öðrum unglingum. Í rannsókn Jóns Ingvars Kjaran og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2010) kemur fram að samkynhneigðum skólanemendum leið hvað

Ögrun við kynjaðar klisjur

Þrátt fyrir að meirihluti afþreyingarefnis noti kynjaðar klisjur er alltaf hægt að finna efni þar sem staðalmyndunum er ögrað. Hvetja má nemendur til að horfa á myndir eins og teiknimyndina *Hugrökk* (e. *Brave*), kvikmyndina *Billy Elliot* eða heimildarmyndirnar *Hrafnhildur* og *Líf mitt í bleiku* (fr. *Ma vie en rose*) sem fjalla um litróf kynvitundar. Í kjölfarið má ræða við nemendur um mikilvægi fyrirmynda. Hvaða áhrif hafa svona kvikmyndir og hverjar eru takmarkanir þeirra?

verst á göngum skólans, í nemendarými og í rými tengdu íþróttakennslu.

Nauðsynlegt er að ræða um kynhneigð opinskátt og feimnislaust við unglinga. Rétt eins og augnlitur eða háralitur getur kynhneigð verið mismunandi, margir eru gagnkynhneigðir, sumir eru tvíkynhneigðir, aðrir samkynhneigðir og enn aðrir einhvers staðar á víðu litrófi kynhneigðar.

Að mörgu leyti hefur jafnréttisbarátta sam- og tvíkynhneigðra skilað sér í fordómalausari umræðum og auknum skilningi á mismunandi birtingarmyndum kynhneigðar. Umræður eru aftur á móti komnar styttra á veg varðandi kynvitund fólks. Kynvitund vísar til þess hvernig einstaklingar upplifa kyn sitt, jafnvel strax á unga aldri, óháð líffræðilegum þáttum. Fræðsla um mismunandi birtingarmyndir kynvitundar skipa mikilvægan

Sérstaklega þarf að gæta þess að staða samkynhneigðra í samfélaginu og hlutskipti þeirra í sögunni verði sýnileg. Rétt eins og saga kvenfrelsis- og jafnréttisbaráttunnar ætti saga jafnréttisbaráttu samkynhneigðra og fólks með aðra kynverund að eiga sér fastan sess í námi og kennslu. Að vissu leyti er líðan samkynhneigðra og tvíkynhneigðra ungmenna mörkuð því að kynhneigð þeirra er ekki samkvæmt forskriftinni að því hvað karli eða konu beri að gera eða vera. Segja má að allir sem eru þeirrar afstöðu að hugmyndir um hefðbundin kynhlutverk, kvenleika og karlmennsku, séu heftandi eigi hér hagsmuna að gæta. Áherslur hinseginfræða á margbreytileika kynhegðunar í stað ríkjandi tvíhyggju geta verið gagnlegar. Í þessu sambandi má benda á kvikmyndir á borð við *Fucking Åmål* eða *Boys don't cry* þar sem ungt fólk er að fást við kynvitund sína eða *Milk* sem er lífssaga Harvey Milk sem barðist fyrir réttindum samkynhneigðra í Bandaríkjunum. Eins má nefna þætti em gerðir hafa verið fyrir útvarp um menningu og stöðu samkynhneigðra eða efni á heimasíðu Samtakanna ´78.

sess í baráttu fyrir hinsegin fólk og þá einkum transfólk og aðra sem falla utan hefðbundinna skilgreininga á kynferði.

Kynbundið ofbeldi

Skortur á jafnvægi, virðingu, lýðræði, jafnrétti og félagslegu réttlæti er undirrót ofbeldis í samfélögum. Vald er háð tengslum sem eiga sér sögulegar forsendur. Það sem fyrr á öldum var talið eðlilegt kann að þykja ómannúðlegt í dag. Þannig eru skilgreiningar á ofbeldi háðar samþykki hvers samfélags á hverjum tíma. Kynbundið ofbeldi á sér sögulegar rætur og er birtingarmynd á undirskipun þess kvenlæga í samfélaginu. Ofbeldi er aðallega framið af körlum og samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu eru 95% allra gerenda í kynferðisbrotamálum karlkyns.

Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kynferðis og leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolenda. Hótanir um ofbeldi af þessu tagi, þvingun eða svipting frelsis á grundvelli kynferðis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi, telst einnig til kynbundins ofbeldis. Undir kynbundið ofbeldi flokkast nauðganir, mansal, vændi, ofbeldi í nánum samböndum, kynferðisleg áreitni og klám.

Á þeim árum sem ungt fólk er að stíga sín fyrstu skref í nánum samböndum er ekki sjálfgefið að það átti sig á hvað sé „eðlileg“ hegðun. Samkvæmt áðurnefndri norrænni könnun frá árinu 2010 horfir ríflega helmingur 16 til 19 ára íslenskra drengja á klámefni á netinu vikulega eða oftar sem er það mesta meðal drengja á Norðurlöndum. Mjög auðvelt er fyrir börn og unglinga að nálgast klám og aldrei hefur það verið jafn aðgengilegt og nú. Klámefni dregur upp skakka mynd af samskiptum kynjanna og felur gjarnan í sér einhvers konar ofbeldi. Áhrif kláms á unglinga sem eru að stíga sín fyrstu skref í nánum samböndum geta verið mjög neikvæð og vakið óraunhæfar og stundum ofbeldisfullar hugmyndir um kynlíf. Í þessu samhengi er ljóst að þörf er á fræðslu og umræðu í öllum skólum um samskipti kynjanna, náin sambönd, kynlíf, virðingu og klám. Tryggja verður að þessum þætti sé sinnt.

Kynferðisleg áreitni

Í samskiptum kynjanna kemur stundum til kynferðislegrar áreitni. Þar er um að ræða ósanngjarna og meiðandi kynferðislega hegðun sem haldið er áfram gegn vilja þess sem fyrir verður þrátt fyrir að gefið sé til kynna að hegðunin sé óvelkomin. Eitt tilvik getur líka talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.[6] Áreitnin vegur að sjálfsvirðingu þeirra sem henni sæta og getur birst í líkamlegri valdbeitingu, svo sem káfi og þukli, og í niðurlægjandi athugasemdum um getu, útlit og líkamlegan þroska fólks af báðum kynjum. Hún birtist líka í klámfengnu tali, móðgunum af kynferðislegu tagi eða tilboðum, þrýstingi eða kröfum um kynferðisleg samskipti í óþökk þess sem fyrir þeim verður. Þeir sem verða fyrir slíkri reynslu finna til niðurlægingar og smánar. Kynferðisleg áreitni er óásættanleg og hún á ekki að líðast. Starfsfólk skóla verður að grípa inn í ef vart verður við hegðun af þessu tagi. Í jafnréttisáætlun skólans þarf að koma skýrt fram að allir nemendur og starfsmenn eigi rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að kynferðisleg áreitni sé ekki liðin.

Greining hugtaka

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær einn miða sem á stendur hugtak eins og t.d. klámvæðing, kynbundið ofbeldi, launamunur kynjanna, kynskiptur vinnumarkaður og staðalmyndir kynjanna. Hópurinn á að kynna sér hugtakið og svara eftirfarandi spurningum: Hvað er þetta? Er þetta vandamál? Ef við viljum breyta þessu hvað getum við gert? Upplýsingar um þessi hugtök má finna í *Kynungabók* og leiðarvísi með *Fáðu já* en hann má finna á netinu.

Kynferðisofbeldi gagnvart börnum

Ljóst er að kennarar og annað starfsfólk skóla geta verið lykilaðilar þegar bregðast þarf við kynferðislegu ofbeldi og tryggja velferð og öryggi barna. Mikilvægt er að bregðast við slíkum málum á traustan og faglegan hátt. Barnahús, sem rekið er á vegum Barnaverndarstofu, hefur hlotið verðlaun og alþjóðlega athygli fyrir fagmennsku á þessu sviði.

Þegar barn segir frá ofbeldi

Það er aldrei auðvelt fyrir barn að greina frá kynferðisofbeldi eða öðru ofbeldi. Oft hefur barnið þurft að telja í sig kjark í langan tíma og stundum segir barnið frá slíku án þess að ætla sér það. Ef barn tekur það skref að segja frá slíkri reynslu er mikilvægt að bregðast rétt við.

- Trúðu barninu
- Tilkynntu málið til barnaverndarnefndar
- Láttu barnið vita að það var rétt að segja frá
- Fullvissaðu barnið um að ofbeldið sé ekki því að kenna
- Hlustaðu á barnið en ekki yfirheyra það
- Tryggðu öryggi barnsins

Mundu að þín viðbrögð skipta máli fyrir horfur barnsins og hvernig það tekst á við afleiðingar ofbeldisins.

Af vef Barnahúss

Kynferðislegt ofbeldi er talin ein mesta ógn sem steðjar að lífi og heilsu barna á Íslandi og þá einkum stúlkna. Í skýrslu Innanríkisráðuneytisins[7] um einkenni og meðferð nauðgunarmála á tveggja ára tímabili (2008–2009) kemur fram að af 189 tilkynningum sem bárust til lögreglunnar voru einungis gefnar út kærur í 31 tilfelli. Eitt helsta einkenni þeirra mála var að brotaþolar voru ungar konur og 40% voru stúlkur undir 18 ára sem eru börn að lögum. Gerendur voru í öllum tilfellum nema einu karlar og stærstur hluti þeirra var á aldrinum 18–29 ára. Gefur þessi aldursmunur milli brotaþola og gerenda til kynna að mörg málanna einkennist af þó nokkrum þroska- og aðstöðumun en í tæplega 40% tilvika er gerandi kunningi eða vinur brotaþola.

Í íslenskri rannsókn[8] sem fram fór í skólum sögðust 13,6% stúlkna og 2,8% drengja hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Stúlkur sem sögðust hafa verið leiddar, þvingaðar eða neyddar til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum voru rúmlega fimmfalt fleiri en drengir. Ýmislegt bendir til þess að karlar séu síður líklegir til að greina frá ofbeldi sem þeir verða fyrir og að

mati Alþjóða heilbrigðismálastofnunar kann tíðni ofbeldis gegn körlum að vera vanmetin. Allt að 70% þeirra sem leita til Stígamóta til að vinna úr afleiðingum kynferðislegs ofbeldis greina frá því að ofbeldið hafi átt sér stað fyrir 18 ára aldur.

Ef stuðst er við tölfræði Evrópuráðsins má gera ráð fyrir að í 25 barna bekk séu að meðaltali fimm börn sem hafa orðið eða verða einhvern tíma fyrir 19 ára aldur fyrir kynferðislegu ofbeldi. Verkefnisstjórn um verkefnið Vitundarvakning um kynferðisofbeldi gagnvart börnum[9] hefur staðið fyrir fræðslu fyrir yngstu börnin með brúðuleikhússýningunni *Krakkarnir í hverfinu*. Sýningin byggir á erlendu kennsluefni sem hefur verið þýtt og staðfært. Öll átta ára börn í landinu eru heimsótt í sinn skóla með það fyrir augum að auðvelda þeim að segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir. Boðskapur sýningarinnar er: Þú færð hjálp ef þú segir frá. Á vegum verkefnisins hefur einnig verið sent póstkort með ákalli til allra Íslendinga um að bregðast við ef grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Í nýsamþykktum breytingum á 30. grein grunnskólalaga (sjá þskj. 1290–747. mál) er gert ráð fyrir að grunnskólar „hafi heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi“. Þar kemur einnig fram að „allir grunnskólar skuli fylgja heildstæðri stefnu til að fyrirbyggja ofbeldi af öllu tagi, hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt, kynferðislegt eða félagslegt ofbeldi“. Skólar skulu einnig, samkvæmt barnaverndarlögum (80/2002), hafa áætlun um framkvæmd tilkynningaskyldu þar sem því er lýst „hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun“. Barátta gegn ofbeldi er nátengd baráttu fyrir jöfnuði, virku lýðræði og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.

Dagsetningar

8. mars – Alþjóðlegi kvennadagurinn
19. júní 1915 – Kosningaréttur kvenna á Íslandi
27. júní – Alþjóðlegur baráttudagur samkynhneigðra
7. ágúst – Alþjóða réttindadagur transfólks
11. október – Alþjóðadagur stúlkubarna
24. október 1975 – Kvennafrídagurinn
25. nóvember – Alþjóðadagur gegn ofbeldi á konum

Ítarefni

Huxarinn. Vinnubók í jafnréttisfræðslu. Höfundur Íris Arnardóttir. (2011).
Jafnréttishandbókin. Höfundar Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir. (2000).
Karlmennska og jafnréttisuppeldi. Höfundur Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (Kennsluverkefni í viðauka). (2004).
Kompás – Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Höfundar Patricia Brander o.fl. (2009).
Verkefni flokkuð undir kynjajafnrétti:
Heimilisofbeldi: http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/2.kafli/13.pdf
Hvað með kynlífið?: http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/2.kafli/15.pdf
Hverjir eru ég?: http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/2.kafli/17.pdf
Kvenhetjur og karlhetjur: http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/2.kafli/19.pdf
Mismunandi laun: http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/2.kafli/28.pdf
Vinna og börn: http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/2.kafli/52.pdf
Kynfræðslutorgið. Vefur fyrir kennara. http://www1.nams.is/kyn_torg/.
Kynfræðsluvefurinn. Vefur fyrir nemendur. http://www1.nams.is/kyn/index.php.
Kynlega klippt og skorið: þemahefti um kynjamál fyrir unglingastig. Höfundar Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson. (2001).
Kynlíf – unglingar. Höfundar Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (2006). http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2756/version6/2765.pdf.
Kynungabók. Höfundar Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010).
Nýir drengir og nýjar stúlkur – ný uppeldisstefna? Ritstjóri Ole Bredersen. (2004).
http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Ny_uppeldisfraedi.pdf.
Úr viðjum vanans. Fræðsluefni fyrir grunnskóla um jafnréttisbaráttuna, kynmótun og kynferðislegt ofbeldi. Óbirt B.Ed. ritgerð. Höfundur Halla Gunnarsdóttir. (2002).
Örugg saman – um náin samskipti kynjanna. Þýtt og staðfært. (2013).

Myndir

Fáðu já! Stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs. Handritshöfundar Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. Sjá http://www.faduja.is.
Krakkarnir í hverfinu. Brúðuleikhús fyrir 2. bekk grunnskóla. Blátt áfram. http://www.blattafram.is/.
Leyndarmálið, segðu nei, segðu frá! – Teiknimynd.
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4355/7423_view-4091.

Fræðsla og ráðgjöf

Barnahús – Barnaverndarstofa. http://www.bvs.is.
Barnaheill. http://www.barnaheill.is.
Blátt áfram. Forvarnir og fræðsla um kynferðislegt ofbeldi. http://www.blattafram.is.
Drekaslóð. Fræðslu- og þjónustumiðstöð fyrir þolendur alls kyns ofbeldis og aðstandendur þeirra.
http://www.drekslod.is.
Gátlisti – einelti. Listinn samræmir áætlun um forvarnir, inngrip og eftirfylgd í eineltismálum.
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3809/6353_view-6014/.
Hitt húsið. Miðstöð ungs fólks í Reykjavík. http://www.hitthusid.is.
Samtökin '78. Fræðsla fyrir grunn- og framhaldsskóla. Einnig fyrir starfsfólk. http://www.samtokin78.is.
Stígamót. Grasrótarhreyfing gegn kynferðisofbeldi. http://www.stigamot.is.
Tótalráðgjöf – Áttavitinn. Upplýsingagátt fyrir ungt fólk þar sem leita má svara við spurningum um kynlíf, nám, þunglyndi, fíkn, sambönd o.fl. http://www.totalradgjof.is/ http://www.attavitinn.is.
Umboðsmaður barna. http://www.barn.is.

3 MENNING, ÞJÓÐERNI, TUNGUMÁL, TRÚARBRÖGÐ, LÍFSSKOÐANIR

Á hverju ári kemur fólk hvaðanæva að úr heiminum til þess að setjast að á Íslandi til lengri eða skemmri tíma. Sumir ætla sér að dvelja tímabundið við vinnu á meðan aðrir hafa hugsað sér að vera hér til langframa og jafnvel alla ævi. Síðan eru þeir sem hafa áhuga á að kynnast landi og þjóð og vilja búa hér um tíma. Þetta er hluti af hnattvæðingunni, fólk ferðast meira en áður og menningarlegir straumar hríslast hraðar og víðar en fyrr. Samfélagið er í iðu menningarlegra strauma sem hafa áhrif á það og móta.

Reynsla Íslendinga af innflytjendum er minni en almennt er í nágrannalöndum okkar. Innflytjendum fjölgaði þó mjög hratt á tiltölulega skömmum tíma á fyrsta áratug þessarar aldar. Erlendir ríkisborgarar eru nú um 8% af íbúum. Þeir koma víðsvegar frá og eru mjög sundurleitur hópur. Stærstur hluti er af evrópskum uppruna, ljós á hörund og kristinnar trúar. Innflytjendur leggja mikið af mörkum til íslensks samfélags. Þá er að finna á ýmsum sviðum atvinnulífsins og þeir eru virkir í menningarlífi.

Fjölmenningarlegur skóli

Ísland er fjölmenningarsamfélag og skólinn er í lykilhlutverki við að byggja upp samskipti í samfélagi þar sem menningarlegur fjölbreytileiki, mismunandi trúarbrögð, trúfrelsi og trúleysi, viðhorf og lífsskoðanir njóta virðingar. Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (2010) benda á að allt skólastarf og menntun eru mótuð af menningu rétt eins og samfélagið sjálft. Menning sem fólk vex upp við í dag sé aldrei einsleit og í raun og veru sé ekki hægt að komast hjá því að kynnast öðrum menningarheimum. Þær benda líka á að öll námskrárvinna og kennsla feli í sér miðlun og val á menningarlegu sjónarhorni. Þegar skólar ákveða að halda pólska daga eða sænska viku þar sem allt það sem er pólskt eða sænskt fær sérstaka athygli má segja að þeir leggi upp í menningarferð. Þetta

er skemmtilegt uppbrot á starfi skóla og gefur oft jákvæða mynd af landi eða menningu sem á í hlut. Þemadagar og -vikur af þessu tagi geta þó aldrei verið nema hluti af vinnu í anda fjölmenningar, sú vinna þarf að vera umfangsmeiri og hafa áhrif á nám, skipulag og starfsemi skólans, skólamenninguna, frá degi til dags. Hægt er að nefna starf Austurbæjarskóla í Reykjavík sem dæmi til að læra af og horfa til.

Í rannsókn Kristínar Aðalsteinsdóttur, Guðmundar Engilbertssonar og Ragnheiðar Gunnbjörnsdóttur (2007) á fjölmenningarlegri kennslu í Kanada, Noregi og á Íslandi kom fram að íslenskir kennarar virðast leggja áherslu á að börn innflytjenda lagi sig að skólunum á meðan að kanadískir kennarar í Manitoba líta svo á að skólanum beri að laga sig að börnunum og fjölskyldum þeirra. Það geti skólinn til að mynda gert með því að kynnast menningu barnanna og leitast við skilja bakgrunn þeirra. Markmið kanadísku skólanna var að börnin væru stolt af uppruna sínum. Í rannsókn Rósu Guðbjartsdóttur og Hönnu Ragnarsdóttur (2010) kom fram að börn innflytjenda hafa að mati viðmælenda þeirra tilhneigingu til að vingast fremur við önnur innflytjendabörn en íslensk börn. Kennararnir sögðust þó flestir leggja áherslu á að láta börnin hafa hlutverk og samtvinna veru þeirra skólastarfinu á sem jákvæðastan hátt. Enda hafa rannsóknir sýnt að samvinnunám hentar einkar vel þegar börn hafa ekki öll sama menningarlega bakgrunn. Jafnframt kom fram í rannsókn þeirra Rósu og Hönnu mikilvægi þess að upplýsa foreldra um íslenska menningu og venjur, t.d. hvað varðar tómstundir og vináttu barna utan skóla.

Sinn er siður í landi hverju

Biðjið börn og unglinga að reyna að útskýra þorrablót fyrir ímynduðum gesti frá fjarlægum menningarheimi eða hvers vegna og hvernig við höldum páska hátíðlega. Fáið þá líka til að skoða og ræða mismunandi fegurðarstaðla á milli menningarheima, útskýra hvers vegna fólk leggur mikið á sig og gengur jafnvel í gegnum tímafrekar og dýrar aðgerðir til þess að mæta slíkum kröfum. Þá er vert að fá börn og unglinga til þess að skilja hvers vegna þeir sem setjast að í nýjum menningarheimi kunna að vilja halda í eitthvað af þeim siðum og menningu sem þeir hafa alist upp við. Börn sem hafa búið í öðru landi gætu sagt frá hvað þau eða fjölskyldur þeirra hafa haldið í frá upprunalandi sínu.

Fordómar

Samkvæmt rannsóknum Debru Van Ausdale og Joe R. Feagin (2001) á kynþáttahugmyndum leikskólabarna í Bandaríkjunum eru börn allt niður í þriggja ára aldur með mjög skýrar hugmyndir um eiginleika sem eiga að einkenna fólk eftir litarhætti. Börn og unglingar fá sömu skilaboð og aðrir frá umhverfi sínu og því ætti síst að koma á óvart að þau geri viðhorf sem í þeim felast að eigin skoðunum. Veruleiki íslenskra barna er að sjálfsögðu ekki sá sami og bandarískra barna en engu að síður er afþreyingarefni og margt fleira í umhverfi þeirra að ýmsu leyti það sama. Svipaðar hugmyndir um eiginleika tengda húðlit geta því komið fram hjá íslenskum börnum.

Að búa í nýju landi

Oft er talað um að þeir sem setjast að í nýju landi fari í gegnum fjögur stig aðlögunar:

Fyrsta stigið nær yfir fyrstu vikurnar í nýja landinu og þá er einstaklingurinn oftast heillaður af þessu framandi landi og menningu og nýtur þess að uppgötva nýja hluti.
Annað stigið tekur við þegar einstaklingurinn þarf að fara að takast á við amstur daglegs lífs. Það stig getur einkennst af neikvæðu viðhorfi til landsins. Tungumálaörðugleikar, skólasókn, innkaup og hversdagslegustu úrlausnarefni reyna á þolrifin. Á þessu stigi er oft eins og innfæddir sýni lítinn skilning á þeim erfiðleikum sem innflytjandinn á við að glíma.
Á þriðja stiginu fer einstaklingurinn að geta tjáð sig meira og betur á tungumáli heimamanna og tileinkar sér viðeigandi hegðun í samfélaginu.
Á fjórða og síðasta stiginu er innflytjandinn farinn að hegða sér í takt við samfélag innfæddra og þarf ekki lengur að setja sig í sérstakar stellingar til að falla í hópinn. Hann hefur gert siði og hegðun fólks í nýju heimkynnunum að sínum.

Fáið nemendur til að skoða viðhorf yfirvalda og fólks almennt til einstaklinga og hópa sem glíma við aðlögun að nýju samfélagi. Eru viðhorfin misjöfn eftir uppruna innflytjenda og taka þau breytingum eftir því sem betur gengur að laga sig að nýjum heimkynnum?

Samkvæmt rannsókn Hallfríðar Þórarinsdóttur, Sólveigar H. Georgsdóttur og Berglindar L. Hafsteinsdóttur (2009) á högum innflytjenda á erfiðleikatímum kemur í ljós að þeir urðu helst varir við beina og augljósa fordóma af hálfu barna og unglinga sem „hrópuðu glósur á eftir þeim“ eða íslenskra karla sem „abbast upp á erlendar konur á skemmtistöðum með dónaskap“. Duldir fordómar birtast meðal annars í því að innflytjendur fá síður en innfæddir atvinnu sem hentar þeirra menntun og þeim er frekar sagt upp störfum. Hluta Íslendinga finnst sjálfsagt að erlent starfsfólk sé réttminna en íslenskir samstarfsfélagar þeirra ef marka má Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem gerði skoðanakönnun fyrir Alþýðusambandið meðal ungs fólks sumarið 2008. Viðhorf eins og að „þau“ megi vinna ef „þau“ taka ekki frá „okkur“ vinnu láta fæstum ókunnuglega í eyrum. Ekki er þó víst að sömu sjónarmið vegi þungt undir öllum kringumstæðum. Stundum berast fréttir af Íslendingum sem leitað hafa vinnu í öðrum löndum í kjölfar efnahagshruns og finnst þeir hlunnfarnir af atvinnurekendum á erlendri grund. Áhugavert gæti verið að sýna eldri nemendum fréttir um dæmi af því tagi og skoða umræðu um stöðu innflytjenda hér heima í því ljósi.

Hælisleitendur, flóttafólk og farandverkamenn

Nemendum er skipt í nokkra hópa þar sem þeir gegna hlutverki flóttamanna, hælisleitenda eða farandverkamanna. Nemendur setja sig í spor fólks sem vill setjast að á Íslandi. Þeir íhuga hvort það skipti máli hvaðan erlenda fólkið kemur, reyna að greina muninn á flóttamanni, hælisleitanda og farandverkamanni, spyrja hve margir hælisleitendur hafi fengið viðurkenningu stjórnvalda á stöðu sinni sem flóttamenn frá árinu 1991 og hvers vegna þeir skuli ekki vera fleiri á Íslandi.

Rétt mál?

Stundum verður vart við lítið umburðarlyndi gagnvart þeim sem tala ekki „rétt mál“. Þekkt dæmi eru svokölluð þágufallssýki og átak íslenskra stjórnvalda gegn flámæli á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar en flámæli einkenndi málfar margra Austfirðinga. Flámæltir nemendur voru sumir hafðir í sérkennslu, rætt var um hljóðvillu og framburðarveilu og stundum jafnvel smit.[10] Afbrigði í

Íslenskuþorpið

Í Háskóla Íslands er verið að þróa merkilegt verkefni sem snýst um að gera útlendingum auðveldara að tala íslensku. Háskólinn hefur gert samning við stofnanir og fyrirtæki, svo sem kaffihús, bókasöfn, veitingastaði, sundlaugar og verslanir, þar sem þeim sem eru að læra íslensku eru tryggð samskipti á íslensku. Starfsfólk hefur gengist undir þjálfun í að tala hægt og skýrt og skipta ekki yfir í ensku. Verkefnið ber heitið Íslenskuþorpið, sjá http://www.islenskuthorpid.is/.

framburði og málnotkun hafa stundum verið meðhöndluð og rædd eins og um sjúkdóma væri að ræða og mikil áhersla lögð á svokallaða hreintungustefnu. Innflytjendur nefna tungumálið sem einn helsta þröskuld inn í íslenskt samfélag.

Mikilvægt er að velta fyrir sér hvernig hægt er að auðvelda innflytjendum að tileinka sér íslensku og taka þátt í íslensku samfélagi jafnvel þó að íslenskugeta sé af skornum skammti. Ræða má mikilvægi þess að innflytjendur fái viðeigandi aðstoð til þess að læra og efla sitt eigið móðurmál til að tryggja frekar möguleika á því að þeir geti tekið fullan þátt í íslensku samfélagi. Í þessu sambandi má vísa til reynslu heyrnarlausra sem eiga mikið undir því að fá að beita táknmáli við nám og störf.

Lífsskoðun og trúarbrögð

Til þess að skilja menningarmun og menningarsvæði er mikilvægt að þekkja til trúarbragða þar sem borið er niður. Trú og trúarlíf eru gjarnan samofin fjölskyldulífi barna og unglinga. Skólar sem vilja eiga í góðu samstarfi við heimili verða því að setja niður fyrir sér hvernig þeir ætla sér að nálgast trúar- og lífsskoðanir. Það er mikilvægt að kennarar og skólastjórnendur hugleiði og reyni að átta sig á hvernig tryggja má jafnan rétt allra óháð lífsskoðunum. Sumir skólar og sveitarfélög hafa sett reglur um samskipti skóla og trúfélaga en það kemur ekki í veg fyrir fræðslu um sögu og hefðir kristinnar trúar eða fræðslu um önnur trúarbrögð. Hins vegar setja slíkar reglur hömlur á trúarlegan boðskap innan vébanda skólans.

Hægt er að nálgast trúarbrögð og lífskoðanir á mismunandi hátt. Í leikskólum og á yngri stigum grunnskóla er hægt að skoða mismunandi bænahús, velta fyrir sér hvað gerist þar og hvaða hlutverki þau gegna í samfélaginu. Fræðsla um jól og aðrar trúarhátíðir eru fastur þáttur í starfi fjölmargra skóla. Að bera saman þær hátíðir við hátíðir í öðrum trúarbrögðum gæti verið spennandi verkefni. Hvað er það sem sameinar og hvað er öðruvísi? Í mörgum trúarbrögðum gegna hefðir tengdar mat og tónlist miklu hlutverki, sjónlistir og ritlist eru líka iðulega tengdar trúariðkun. Margir telja að með því að banna boðandi kirkjur í skólum sé líka verið að banna allt það sem tengist sögu og hefðum trúarbragða á borð við kristni í landinu. Kennarar og t.d. nemendur á eldri stigum gætu skoðað hvort það sé raunin.

Dagsetningar

1.–7. febrúar – Alþjóðavika samlyndis trúarbragða
20. febrúar – Alþjóðadagur félagslegs réttlætis
21.–27. mars – Baráttuvika gegn kynþáttafordómum og misrétti
23. mars – Alþjóðadagur til minningar um fórnarlömb þrælahalds og þrælasölunnar yfir Atlantshafið
8. apríl – Alþjóðadagur Rómafólks
30. apríl – Minningardagur um Helförina (hbr. *Yom ha Shoah*)
20. júní – Alþjóðadagur flóttamanna
23. ágúst – Alþjóðadagur til minningar um þrælasölu og afnáms hennar (UNESCO)
9. nóvember – Kristalsnæturinnar minnst – Alþjóðadagur gegn fasisma og gyðingahatri
18. desember – Alþjóðadagur farandverkafólks

Ítarefni

Mannréttindaskrifstofa Íslands. Fræðslu- og upplýsingaefni um mannréttindi. http://www.humanrights.is.

Fjölmenning í leikskólum: Enginn eins en allir með. http://www.allirmed.is.

Flótti, í sporum flóttamanns. Vefleikur unninn af umdæmisskrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Eystrasaltsríki og Norðurlönd, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Rauða krossi Íslands. www.flotti.org.

Fjölmenningarleg myndlistarkennsla: Fræðileg umfjöllun og tillögur að kennsluverkefnum. Höfundur María Helga Gunnarsdóttir. (2005). Óbirt B.Ed.-ritgerð.

Allir geta eitthvað, enginn getur allt: Fjölmenningarleg kennsla frá leikskóla til skóla. Höfundur Guðrún Pétursdóttir (2003).

Það er auðveldara að kljúfa atóm heldur en fordóma. Námsefni í fjölmenningarfærni handa efri bekkjum grunnskóla og skólum. Höfundar Björk Þorgeirsdóttir, Jóhann Björnsson og Þórður Kristinsson. (2011).

Allir eiga rétt. Kennsluefni þar sem fjallað er um réttindi, skyldur, samstöðu og umburðarlyndi. Ætlað efstu bekkjum grunnskóla. Byggt á efni frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. (2007). http://www1.nams.is/unicef/.

Kompás – Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Höfundar Patricia Brander o.fl. (2009). http://vefir.nams.is/kompas/index.html.

4 FÖTLUN

Umfjöllun um fötlun þarf að byggjast á virðingu fyrir mannlegum margbreytileika og mannlegu eðli. Fötlun er afstæð og eðlilegur hluti af lífinu. Allir hafa sínar veiku og sterku hliðar. Vinna þarf gegn hugmyndum um að fötlun setji fólk til hliðar eða verði til þess að fólk skeri sig svo mjög úr hópnum. Í einhverjum skilningi búum við öll yfir miklum hæfileikum og við takmarkaða getu. Brýnt er að efla þá sýn að hvers konar fötlun sé eðlilegur þáttur í fjölbreytilegri flóru mannlífsins.

Aðeins um 2% öryrkja teljast fatlaðir frá fæðingu, 98% öryrkja hafa orðið fyrir hrörnun, sjúkdómi, slysi eða áfalli síðar á lífsleiðinni og geta af þeim sökum ekki beitt sér til fulls. Fötlun getur verið með ýmsu móti, orðið hlutskipti allra og falist í andlegri fötlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- eða heyrnarskerðingu svo að eitthvað sé nefnt. Þýðingarmikið er að draga úr ýmsum hindrunum í umhverfi okkar til að auðvelda öllum þátttöku í atvinnulífi og samfélagi, menningu og félagslífi, eins og kostur er á. Fötlun er hluti af lífinu og umfjöllun um fötlun ætti umfram allt að snúast um margbreytileika og styrk.

Hvernig er aðgengi að skólanum háttað?

Hjálpleg og fljótleg æfing í nærumhverfi nemenda getur snúist um að athuga aðgengi líkamlega fatlaðra nemenda í skólanum. Skoða má:

- Hvort inngangar ætlaðir fólki í hjólastól séu gefnir skýrt til kynna, hvort skábrautir séu með þeim halla að fólk í hjólastól komist leiðar sinnar.
- Hvort nægilegt rými sé á salernum og hvort stuðningshandföng séu þannig að fólk sem á þeim þarf að halda geti fært sig í og úr hjólastól.
- Hvort dyragættir séu nægilega breiðar fyrir fólk í hjólastól og hvort komast megi í lyftum á milli hæða.
- Hvort stæði fyrir bíla fatlaðra séu í hæfilegri fjarlægð frá aðgengilegum inngangi.

- Hvernig upplýsingum fyrir sjónskerta og aðgangi að þeim er háttað.
- Hvort blindraletur sé við hnappa í lyftum og hvort hljóð gefi til kynna hvenær lyftan fer á milli hæða.
- Hvort komast megi í nauðsynleg námsgögn, hvers konar búnað og upplýsingar um skólastarf.

Æfinguna má víkka út fyrir skólalóðina og jafnvel fá börn og unglinga til að taka ljósmyndir eða myndskeið af því sem er vel gert eða mætti fara betur. Næstu skref gætu verið að fá börnin til þess að reyna að finna upp eitthvað sem gæti auðveldað fötluðu fólki að taka þátt í samfélaginu. Önnur leið gæti verið að fá börn og unglinga til þess að hanna nýtt merki fyrir fatlaða í stað spýtukarlsins í hjólastólnum. Þetta alþjóðlega merki veldur ákveðnum vandræðum því fólk áttar sig ekki alltaf á að sumir geta af ýmsum ástæðum, vegna meðfæddrar fötlunar, sjúkdóma eða slysa, átt erfitt með að komast um þó að það geti gengið. Þannig gefur stóllinn almenningi mjög ranga mynd af því hverjir gætu þurft að nota stæði eða aðrar lausnir fyrir fatlaða.

Viðhorf til fatlaðs fólks

„Á ég að biðja fyrir henni?“

Ung ófötluð kona var á ferðlagi með fatlaðri vinkonu sinni. Hún sagði frá því að fólk hefði boðist til að biðja fyrir vinkonu hennar, halda á henni og að sumir hefðu talað við hana eins og hún væri smábarn. Það var eins og fólk setti jafnaðarmerki á milli þess að tala ekki alveg skýrt og geta ekki hugsað skýrt, að eiga í erfiðleikum með gang og þess að vera ósjálfbjarga.

Fötlun er ekki alltaf sýnileg eða auðsæ. Foreldrar barna með einhverfu fá stundum athugasemdir um hegðun barna sinna og eru jafnvel spurðir hvers lags uppalendur þeir eiginlega séu. Í hópi foreldra eru líka einstaklingar sem kunna að vera með sýnilega fötlun eða víkja í einhverju frá norminu. Á öllum skólastigum eru börn og unglingar sem eiga seinfært foreldri eða foreldri með alvarlega geðsjúkdóma. Bæði kennarar og nemendur þurfa að gæta þess að systkini og foreldrar nemenda geta verið með fötlun sem ekki liggur í augum uppi.

Feimnismál?

Í rannsóknum Kristínar Björnsdóttur og Eiríksínu Ásgrímsdóttur (2010, 2012) kom fram að grunnskólanemar telja að fötlun sé þeim mun alvarlegri sem hún er sýnilegri. Í viðtölum þeirra við nemendur koma fram athygliverðar vangaveltur um hvar í skólanum fatlaðir halda til og þátttöku þeirra í félagslífi. Ávallt ætti að hafa í huga hvað þarf til að allir geti verið virkir þátttakendur í daglegu starfi í skólanum. Nemendur sem voru eða höfðu verið í skóla með fötluðum nemendum voru öruggari í umræðunni en eingöngu í þeim tilfellum þar sem þessi mál höfðu verið rædd og ungmennin frædd á opinskáan hátt um fötlun samnemenda sinna. Þau sem höfðu haft fatlaða samnemendur sögðu að opin umræða og fræðsla hefðu orðið til þess að veita þeim öryggi gagnvart fötluninni en að því fylgdi óöryggi þegar fötlunin væri þögguð og gerð að feimnismáli.

Í uppvextinum er börnum eða ungmennum almennt bannað að horfa á eða glápa á fatlað fólk og þeim virtist sem fullorðið fólk væri ekki tilbúið til að ræða við þau og fræða þau um fatlanir. Fötlunin verður þá feimnismál, börnin eiga á hættu að vera skömmuð ef þau sýna áhuga og stundum er reynt að þagga niður í þeim þegar þau spyrja spurninga eða vekja máls á fötluninni. Ólíklegt má telja að börn og ungmenni séu að upplagi feimin við fatlað fólk en gera má ráð fyrir að feimnin eða hræðslan lærist þegar þetta er viðmót þeirra fullorðnu.[11]

Brýnt er að haga kennslu um fatlanir á þann hátt að börn og unglingar átti sig á að einstaklingar með fötlun eru á flestan máta rétt eins og þau sjálf

Brandarar og stríðni byggjast oft á staðalmyndum og grín um fólk með fatlanir byggist oft á því að draga athygli að fötlun fremur en persónum. Í rannsókn þeirra Kristínar og Eiríksínu sem fjallað er um hér að ofan sögðu unglingarnir að fullorðið fólk, jafnvel kennarar og þjálfarar, notuðu orð eins og *hálfviti*, *mongólíti*, *þroskaheftur*, *hreyfihamlaður*, *blindur* og *heyrnarlaus* til að skamma og jafnvel niðurlægja. Unglingarnir sögðust líka sjálfir nota slík orð til að veita, eins og einn unglingur orðar það, andlegt spark. Þær upplýsingar um viðhorf sem koma fram í rannsókninni eru gott fóður til að ræða viðhorf og staðalmyndir.

Götuhernaðurinn

Í Ný-ung, ungliðahreyfingu Sjálfsbjargar, stóð hópur unglinga fyrir átaki til vitundarvakningar um aðstæður hreyfihamlaðra með það að markmiði að bæta ímynd þess hóps. Fatlaðir unglingar stóðu fyrir margvíslegum uppákomum og bjuggu til stuttmyndir þar sem þeir gerðu stólpagrín að samspili fötlunar og samfélags í sínu eigin lífi og birtu á vefnum *oryrki.is* og fésbókarsíðu hópsins.

og allir aðrir með sína fjölbreytilegu persónudrætti. Langflestir þekkja einhvern sem býr við einhvers konar skerðingu eða fötlun, frænku með heyrnartæki, afa með gigt, bróður með námsörðugleika eða þunglynda vinkonu. Skerðing verður í raun ekki vandamál nema þar sem samfélagið gerir ekki ráð fyrir fólki með skerðingar. Umhverfið og viðhorf sem þar ríkja verður fólki oft meiri fötlun en líkamlegt eða andlegt ástand.

Fötlun og félagslegt réttlæti

Fjalla þarf um búsetu fólks með fatlanir og hvernig þróun hennar hefur haft áhrif á lífsgæði. Einnig er vert að skoða hvernig skólagöngu fólks með fatlanir hefur verið háttað í tímans rás. Til að mynda má ætla að samfélaginu hafi verið umhugað um að rjúfa einangrun þeirra barna sem ekki heyra þegar litið er til þess að þau börn voru fyrst allra barna skylduð í skóla á Íslandi.[12] Saga réttindabaráttu, táknmáls og skóla fyrir heyrnarlausa er merkileg og lærdómsrík um margt og aðrir hópar fatlaðra hafa líka sótt fram á mörgum sviðum. Freyja Haraldsdóttir er öflug talskona hóps, sem hefur hingað til ekki verið hávær, og gerir kröfu til að hennar líf sé jafn mikilvægt og líf samborgaranna. Starfsfólk skóla og nemendur mættu að rýna í sögu og skrif fólks eins og Freyju, skoða rökin sem þar eru dregin fram og óskir um að lifa því lífi sem fólk kýs sér sjálft, því sjónarmiði að mesta fötlunin sé fólgin í samfélaginu sem ekki gerir ráð fyrir henni.

Fósturskimun

Á Íslandi er fósturskimun veruleiki flestra foreldra. Margir telja að með auknum fósturskimunum minnki margbreytileiki mannkynsins. Í framhaldsskólum gætu umræður og verkefni sem snúa að fósturskimun – kostum hennar og göllum í siðferðilegu ljósi – vakið áhuga og verið góður liður í námi.

Undir sjónarmið Freyju tekur Dóra S. Bjarnason (2012) í ávarpi á alþjóðlegum vef þeirra sem berjast fyrir mannréttindum fólks með fötlun. Hún segist hafa komist að þeirri niðurstöðu að það sé eitt mikilvægasta hlutverk 21. aldarinnar að breyta skólakerfinu í átt til lýðræðislegri skóla án aðgreiningar. Aðeins þannig sé hægt að vinna gegn mismunun. Dóra bendir á aðójöfnuður og mismunun eru ógn við lýðræði og samfélög og að við verðum að læra að hugsa upp á nýtt, að fagna frávikum og virða fjölbreytileika. Mörg sjónarmið eru uppi um skóla án aðgreiningar í ljósi fenginnar reynslu og mikilvægt að þróa þær lausnir sem best duga.

Hlutverk og sjónarhorn í leikrænni tjáningu á góðri sögu

Byggt er á einfaldri aðferð í nokkrum skrefum.

- Sagan er valin eða samin.
- Sagan er rædd og leitast við að láta börnin draga fram þemu og álitamál sem hún kann að geyma.
- Spurt er lykilspurninga um þemu og álitamál sem dregin voru fram. Spyrja má um tengsl, líðan eða atburði.
- Velja þarf sjónarhorn til að segja söguna frá. Ef sagan af Rauðhettu hefur orðið fyrir valinu, gæti sjónarhornið verið Rauðhettu, úlfsins, ömmunnar, veiðimannsins eða móðurinnar sem sendir Rauðhettu eina út í skóg.
- Börnin leika, tvö og tvö saman, sjónarhornið sem þau kjósa sér og tengja það þemum og lykilspurningum sem þau hafa sjálf sett fram. Þau þurfa að lýsa persónum og þeim tilfinningum sem þau finna í mismunandi hlutverkum.
- Hlutverk kennarans getur verið að stökkva inn í aðstæður og spyrja gagnrýninna og uppbyggjandi spurninga en kennari getur líka verið aukapersóna í leikritinu með víðtækara leyfi til inngripa en aðrir.

Að hluta byggist aðferðin á að börnin finni lausnir sem henta öllum. Þegar unnið er á þennan hátt er æskilegt að þau skiptist á að leika hlutverkin. Önnur leið er að börnin skiptist á að vera í sviðsljósinu. Þegar þau eru í sínu hlutverki fá hin börnin að spyrja þau út í orð og athæfi. (Af hverju viltu borða ömmu og Rauðhettu? Hvernig er að vera blindur? Hvers vegna …?)

Dagsetningar

21. mars – Alþjóðadagur Downs-heilkennis og alþjóðadagur afnáms kynþáttamisréttis
2. apríl – Alþjóðadagur vitundar um einhverfu
10. október – Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn
3. desember – Alþjóðadagur fólks með fatlanir

Ítarefni

Barn að eilífu eftir. Höfundur Sigmundur Ernir Rúnarsson. (2004).
Ungt, blint og sjónskert fólk: Samfélag, sjálf og skóli. Meistaraprófsritgerð. Höfundur Helga Einarsdóttir. (2009).
Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði. Ritstjóri Rannveig Traustadóttir. (2006).

Myndir

The Punk Syndrome (*Kovasikajuttu*). Finnsk heimildarmynd um pönkara með downsheilkenni.
Sólskindrengurinn. Heimildarmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar um einhverfu.
Elsku barnið mitt. Heimildarmynd ásamt ítarefni.

5 ALDUR

Skilningur okkar á því hverjir eru börn og hverjir ekki hefur tekið miklum breytingum á liðinni öld. Fyrir tæpri öld urðu börn fullorðin við fermingu, gamla fólkið bjó margt með sínum fjölskyldum og allir aldurshópar höfðu hlutverki að gegna í almennu heimilishaldi. Síðan hefur lífaldur fólks lengst og fjölskyldumynstur breyst. Sambúð þriggja kynslóða heyrir til undantekninga. Fólk getur vænst þess að lifa lengur og búa við betri heilsu en áður. Á sama tíma hefur sýn okkar á börnin breyst, nú eru allir börn að 18 ára aldri samkvæmt skilningi laga. Þá verður mikil breyting á högum barnsins og fjölskyldu þess. Þá hættir barnið að vera barn og verður þess í stað fullorðinn einstaklingur með full yfirráð og ábyrgð á fjármálum sínum, kosningarétt og forræði í eigin málum.

Með tilkomu *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* fékk hugtakið barn nýja merkingu. Réttindi barna og skyldur breyttust. Það er með öðrum orðum vegna *Barnasáttmálans* að nú er ætlast til að börn og unglingar taki þátt í mati og námskrárgerð í sínum skólum. Önnur áherslubreyting er að nú er ekki rætt um rannsóknir *á börnum* heldur um rannsóknir *með börnum*. Nú skal leita eftir upplýstu samþykki barna við rannsóknir og kannanir sem ekki eru hluti af venjubundnu skólastarfi. Ekki nægir að fá samþykki forráðamanna. Á sama tíma og börn verða eldri samkvæmt skilgreiningu hefur réttur þeirra til að móta umhverfi sitt aukist. Þegar rætt er um gerendahæfni í þessu sambandi er átt við hæfni barna og unglinga til þess að vinna úr eigin reynslu, skilja og hafa áhrif á umhverfi sitt og menningu. Á öllum skólastigum þarf að fjalla um réttindi og skyldur barna samkvæmt *Barnasáttmálanum*. Þá er áhugavert að skoða hann með hliðsjón af aldri barna og hvernig staða þeirra breytist með hækkandi aldri. Í *Barnasáttmálanum* er skýrt tekið fram að börn eru borgarar frá því að þau fæðast, þau eru ekki verðandi borgarar eða upprennandi borgarar. Hins vegar er ljóst að borgari á barnsaldri er háðari umhverfi sínu en fullorðinn borgari og að aldraður borgari er oft háðari umhverfi sínu og samborgurum en borgari á miðjum aldri. Þrátt fyrir að barnið sé borgari með ákveðin réttindi og skyldur er ekki verið að fría þá fullorðnu allri ábyrgð, þvert á móti.

JAFNRÉTTI

Eftir því sem þjóðfélagið verður flóknara, hefur aðgreining eftir aldri aukist. Í skólum er börnum iðulega raðað saman eftir aldri og íbúðahverfi eru gjarnan byggð fólki á svipuðum aldri. Ekki er lengur sjálfsagt að ólíkir aldurshópar umgangist hverjir aðra eins og áður var. Samvera barna á ólíkum aldri er forsenda þess að þekking færist frá þeim eldri til hinna yngri. Þannig lærast leikir og menning barna milli aldurshópa. Í skólastarfi þarf að gæta þess að börn og unglingar á mismunandi aldri vinni saman í námi og leik. Það er líklegt til að draga úr togstreitu milli yngri og eldri barna um leið og það vinnur gegn óæskilegum áhrifum aldursmunar. Þannig má stuðla að jafnrétti þrátt fyrir aldursmun. Aldursblandaðir bekkir eða samvinna milli árganga eru leiðir sem reynst hafa vel í grunnskólum.

Fjölgreindaleikar eru skemmtileg nýjung í skólastarfi. Skólastarfið er brotið upp í tvo daga og efnt til keppni í fjölmörgum keppnisgreinum sem reyna á ólíkar greindir. Þá er öllum börnum skólans skipt upp í tíu manna hópa og að jafnaði er eitt barn úr hverjum árgangi í hverjum hóp. Tvö elstu börnin eru liðsstjórar og þeirra hlutverk er að stýra hópnum og sjá um þau börn sem í honum eru báða dagana. Keppnisgreinar eru jafnmargar hópunum og hóparnir færa sig milli stöðva eftir ákveðnu kerfi. Hópstjórarnir passa upp á að yngri börnin séu virkir þátttakendur í leikunum, muni eftir hlutunum sínum og hjálpa þeim í úlpur og skó þegar þarf. Hópurinn fer saman í mat og hópstjórarnir passa upp á að allir borði vel. Öll börn kynnast krökkum úr öðrum árgöngum og vinna að ýmsum verkefnum með þeim. Tengsl og kunningsskapur myndast milli yngri og eldri barna sem oft endist lengi. Þetta skapar virðingu milli barna á ólíkum aldri og stuðlar að góðu andrúmslofti í skólanum.

Börn átta sig fljótlega á að skilningur, réttindi og skyldur þeirra eru tengd þroska. Hægt er að ræða um skyldur og réttindi tengd aldri, breytingar á þeim og stöðu fólks eftir aldri á mismunandi skeiðum sögunnar. Börnin ræða saman í hópum eða fara með verkefni heim til að ræða við foreldra, ömmur og afa eða aðra í nærsamfélaginu um hvað það merkir að verða fullorðinn og hvaða skyldur og réttindi fylgja fullorðinsárum, hvað það feli í sér að vinna, eiga fjölskyldu, keyra bíl, sjá um börn og hvernig allt þetta er hluti af því að verða fullorðinn. Hægt

er að fá börn til þess að brjóta heilann um hvers vegna fullorðnir og börn sjá oft hlutina frá ólíkum hliðum og hvers vegna hagsmunir þessara hópa fara ekki alltaf saman. Meira að segja mjög ung börn átta sig á að með auknum aldri eykst þekking þeirra og skilningur á umheiminum. Sem dæmi má nefna fimm ára barn sem ræddi við leikskólakennara um teikningu sem það hafði gert af tunglinu þriggja ára. Barnið útskýrði hvernig það hafði hugsað þá um tunglið á himninum en bætti við að nú vissi það betur og hefði aðra hugmynd.

Í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla geta börn og kennarar velt fyrir sér hvað það merki að vera barn. Hvaða skyldur hafa börn nú og höfðu áður? Hvaða leiki léku börn hér áður og hvaða leiki leika börn í dag? Hefur eitthvað breyst og þá hvers vegna? Eru einhverjir þeir leikir sem börn leika í dag þeir sömu og mamma og pabbi, afi og amma, frænka og frændi léku? Slík verkefni tengja saman kynslóðir og börn og fullorðnir deila saman reynslu. Sem dæmi gæti verið skemmtilegt að taka upp í mynd frásagnir og sögur sem ömmur og afar, frændur og frænkur hafa fram að færa og vinna með það í skólum. Þá er hægt að velta upp spurningum um hvernig börn og unglingar þau voru og hvað þeim hafi fundist um eldra fólkið þá. Hvaða skyldur höfðu þau og hvernig var komið fram við þau? Hvernig finnst þeim börn og unglingar í dag vera í samanburði? Verkefni sem þetta styður líka við sjálfbært samfélag en ein forsenda þess er að tryggja lýðræðislega samvinnu kynslóða um eitthvað sem skiptir þær máli.

Á sama hátt má fá börn og unglinga til þess að kanna hvar eldra fólkið heldur sig og hvað það hefur fyrir stafni. Gerið könnun á fréttum, fréttaskýringarþáttum, blöðum og tímaritum og skoðið hvernig eldra fólk birtist þar. Í hvaða hlutverkum er það? Hægt er að velta fyrir sér af hverju eldri borgarar eru ekki meira úti við á strætum og torgum eins og algengt

Stjórnmálaafl

Skiptið nemendum í nokkra hópa og fáið þeim mismunandi aldursskeið að rýna. Biðjið vinnuhópana að skoða hvaða hagsmuni mismunandi aldurshópar hafa í samfélaginu. Bendið nemendum á að í hverjum aldurshópi eru ýmsir undirhópar sem taka þarf tillit til. Verkefni vinnuhópanna er að búa til stutta stefnuskrá og slagorð sem þeir kynna svo fyrir hinum, t.d. á framboðsfundi. Einnig má nota fleiri jafnréttisbreytur en aldur.

er erlendis. Hvers vegna fer lítið fyrir eldra fólki í fjölmiðlum? Hvað getum við lært af eldri borgurum landsins? Hvað geta börn og unglingar gert með eldri borgurum?

Leiðsagnarverkefnið Vinátta hefur reynst öflug leið til þess að efla tengsl og skilning á milli mismunandi aldurshópa. Þar fá háskóla- og skólanemar tækifæri til að tengjast grunnskólabörnum og vera þeim góð fyrirmynd. Keppt er að því að skapa persónulegt samband milli barns og ábyrgs, þroskaðs, fullorðins einstaklings; efla sjálfsmynd barna; gefa þátttakendum tækifæri til að kynnast börnum, foreldrum þeirra og nánasta umhverfi og bæta þannig þekkingu sína og reynslu af samskiptum við alls konar fólk. Þetta byggir á þeirri hugmyndafræði að slík samskipti séu gott innlegg í líf barnsins því að leiðsagnaraðilinn verður barninu fyrirmynd. Tengslin sem myndast á milli mentors og barns gætu bætt við möguleika barnsins við mótun sjálfsmyndar og þau áhrif komið fram í auknum námsáhuga, bættum árangri og meiri lífsleikni. Skólaárið 2010–2011 voru mentorpörin um 107 talsins (alls 215 einstaklingar) og komu úr háskólum, skólum og grunnskólum í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Borgarnesi, á Akureyri og Egilsstöðum.

Samstarf leik- og grunnskóla

Í leik- og grunnskólum fá börn oft að vinna saman þvert á aldur. Í grunnskóla er ekki óalgengt að fela eldri börnum að verða vinir og verndarar yngri barna. Í samstarfi leik- og grunnskóla í Kópavogi var ákveðið að taka vináttuverkefnið lengra. Áður höfðu börnin í 1. og 4. bekk verið pöruð saman að hausti og stundum ekki fyrr en í lok september. Leikskólinn og grunnskólinn ákváðu að pörunin ætti að eiga sér stað á meðan yngri börnin væru enn í leikskóla. Börn í þriðja bekk voru pöruð við leikskólabörn. Þriðjubekkingar skrifuðu leikskólabörnunum bréf sem þau færðu þeim persónulega í leikskólann. Grunnskólabörnin fengu tækifæri til að heimsækja leikskólann, kynnast yngri börnunum og jafnvel vinna með þeim að sameiginlegu verkefni. Leikskólabörnin fóru svo í reglubundnar heimsóknir að hitta „vini“ sína í grunnskólanum.

Dagsetningar

4. júní – Alþjóðlegur dagur barna sem orðið hafa fórnarlömb árása
12. ágúst – Alþjóðlegur dagur æskunnar
1. október – Alþjóðadagur aldraðra
20. nóvember – Alþjóðadagur barna

Ítarefni

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. http://www.barnasattmali.is.
Verndum þau: Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. Höfundar Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006).

6 STÉTT OG BÚSETA

Að sigra heiminn

Að sigra heiminn er eins og að spila á spil
með spekingslegum svip og taka í nefið.

(Og allt með glöðu geði
er gjarna sett að veði.)

Og þótt þú tapir, það gerir ekkert til,
því það er nefnilega vitlaust gefið.

Steinn Steinarr

Löngum hefur verið rætt um að íslenskt samfélag sé einsleitt og jafnvel stéttlaust. Engu að síður hljótum við að spyrja hvort engir hópar hafi lægri eða hærri stöðu en aðrir í íslensku samfélagi og þá í hvaða skilningi. Til að átta sig á stéttarhugtakinu er hægt að skoða hvað það er sem skilur á milli hópa á Íslandi, hvort stéttarstaða snúist um efnahag, menntun, fjölskyldu- og vinabönd eða sambland af öllu ofangreindu og jafnvel fleiri atriðum eins og uppruna, þjóðerni og búsetu. Stétt eða þjóðfélagsstaða er bundin tíma og stað og háð mörgum þáttum. Sem dæmi má nefna að innflytjendur eru ekki allir á sama báti. Innflytjandi úr hástétt í sínu heimalandi getur frekar átt von á að fá góðar viðtökur og vænlega starfsmöguleika en sá sem er af lágum stigum eða bjó við lítil efni í heimalandinu. Efnaður einstaklingur með fötlun getur veitt sér ýmsa hluti sem fátækur einstaklingur með fötlun getur einungis látið sig dreyma um og þannig mætti lengi telja.

Efnahagsauður

Möguleikar einstaklinga og aðgengi að samfélagslegum gæðum eru oft háð stéttarstöðu þeirra og þjóðfélagshópi. Engum dylst að fjárráð fólks eru afar misjöfn, bilið á milli lægstu launa og hinna hæstu hefur stóraukist og skuldabyrði

er miklu meiri en áður var. Á Íslandi og öðrum Norðurlöndum hefur stéttarmunur ekki afgerandi áhrif á námsstöðu nemenda en á síðustu árum hafa þessi áhrif aukist. Í rannsókn Hlínar Kristbergsdóttur og Jóns Gunnars Bernburg (2011) á félagsgerð skólahverfa í þéttbýli á Íslandi kom í ljós að efnahagslegir erfiðleikar í fjölskyldum hafa áhrif á velferð unglinga. Þar kemur fram að unglingur frá fátæku heimili er líklegri til þess að verða fyrir einelti en þeir sem koma frá efnuðu heimili. Fátækt getur valdið félagslegri einangrun, því unglingarnir eru þá síður í stakk búnir að taka þátt í neyslusamfélagi jafningjanna. Þeir geta ekki tekið þátt í samkeppni jafningja um lífsstíl.

Borðspil með nýjum reglum

Útbúin þrjú tveggja teninga sett (kaupa má teninga með tómar hliðar). Fyrsta settið er venjulegt teningasett. Á öðru teningasetti er tölunum 1 og 2 skipt út fyrir 5 og 6. Á þriðja settinu eru hvergi talan 6 og á annan teninginn vantar töluna 5, þar eru auðir reitir í stað tölunnar 6 og ás í stað tölunnar 5.

Þátttakendur draga um teningasett. Þeir sem eru með annað settið fá líka aukalega tvöfalt það sem aðrir fá fyrir að fara yfir byrjunarreit.

Leikið spilið og ræðið svo um mismunun og forréttindi, t.d. hvort það að fæðast á Íslandi sé öðruvísi en að fæðast annars staðar. Með unglingum er hægt að ræða um áhrif félagslegrar stöðu á möguleika fólks til að komast áfram. Unglingar geta jafnvel samið spjöld þar sem kveðið er á um umbun og refsingar í spilinu og rætt umbun og refsingar fyrir ýmsa samfélagshópa.

Í tengslum við spilið og umræðurnar mætti taka fyrir ljóð Steins Steinarr og fleiri verk sem varpa ljósi á mismunun og forréttindi.

Þetta vekur spurningar um þann hluta skólastarfsins sem er að einhverju leyti kostaður af foreldrum. Hefur innkaupalistinn sem börn og unglingar fá afhentan í skólabyrjun mikil útgjöld í för með sér, sem hugsanlega væri hægt að dreifa á lengri tíma? Hafa allir ráð á að greiða fyrir vistun að loknum skóladegi eða kaupa hádegisverð? Geta allir borgað fyrir skólaferðalög og skólabúðir? Hafa allir efni á að taka þátt í félagsstarfi eins og bingó og árshátíð? Við skipulag skólastarfsins

þarf að hafa þetta í huga og leitast við að draga úr kostnaði og dreifa honum eins og mögulegt er.

Menningar- og félagsauður

Bent hefur verið á að fjárhagur og efnahagsleg völd eru einungis einn þáttur stéttaskiptingar og að svokallað menningarlegt og félagslegt auðmagn leikur ekki síður mikilvægt hlutverk í þessu sambandi.[13] Frá blautu barnsbeini njótum við einhvers konar menningar, í fjölskyldu og samfélagi. Þessir menningarstraumar birtast okkur sem þekking og leikni sem einstaklingur öðlast með tímanum, þjálfar með sér og temur sér frá blautu barnsbeini. Þessi auður verður honum svo eiginlegur að erfitt reynist að greina á milli meðfæddra eiginleika og áunninna. Þekkingin birtist í öllum háttum, tungutaki, hugarfari og væntingum til lífsins. Sá sem hefur notið menningar sem byggir á sams konar gildum og skólinn hefur í hávegum fær forskot á aðra í hópnum. Formleg viðurkenning á ríkjandi menningarauði birtist í réttindum og háskólagráðum eða hlutdeild í menningarverðmætum.

Félagsauður vísar til tengslaneta og ekki síður þess hversu auðugir einstaklingar eru af því sem talið er virðingarvert og eftirsóknarvert. Ákveðin þekking eða hæfni verður ekki auðmagn nema hún skapi aðgreiningu eða upphefð í samfélaginu. Í rannsókn Berglindar Rósar Magnúsdóttur (2006) á leiðtogum í unglingadeild kom í ljós að einkunnir nýttust kvenleiðtoganum til framdráttar. Fyrir þá virðingu sem strákar nutu virtust þær skipta minna máli. Að vera víðlesinn, hrókur alls fagnaðar, virkur og fyndinn í kennslustundum var það sem einkenndi þann strák sem mesta virðingu fékk innan hópsins. Stelpur sem þóttu virkar og áberandi voru umdeildari og það nýttist þeim ekki að sama marki til vinsælda. Rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012) meðal leikskólabarna sýndi að menningarleg áhugaefni drengja nutu meiri virðingar hjá báðum kynjum. Eins kom fram að þekking sem nýtur viðurkenningar og aðgengi að henni hefur áhrif á stöðu barna í barnahópnum. Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir leiðum til að víkka út ramma kvenleika og karlmennsku að þessu leyti, efla virðingu fyrir og tryggja aðgang að margs konar menningu. Í viðtalsrannsókn Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2004)

kom fram mikilvægi þess að kennarar kynni sér áhugamál allra nemenda sinna og vinni markvisst með það í kennslunni.

Ef gildi leiðtoga í hópi nemenda eru lík gildum skólans einfaldar það mjög vinnu kennarans hvað snertir aga og ástundun. Með opnara vali um skóla verður samkeppni um nemendur með ráðandi menningarauð í farteskinu. Þetta birtist nokkuð skýrt á framhaldsskólastiginu. Skólar geta jafnvel komist í þá stöðu að frekar virðist spurt hvað nemendur geti gert fyrir skólann en hvað skólinn geti gert fyrir nemendur. Frá faglegu sjónarmiði er hins vegar eftirsóknarverðast að allir skólar taki við fjölbreyttum hópi nemenda til að efla nám og auka tækifæri til jafnréttismenntunar. Skólinn er í raun eina stofnun samfélagsins sem getur tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum jöfn tækifæri óháð félagslegum og menningarlegum kringumstæðum. Skólastjórnendur þurfa að íhuga hvernig þeir geti best uppfyllt markmið um samfélag og skóla án aðgreiningar þegar þeir móta reglur um inntöku nemenda og skipulag innan skólans.

Einelti er flókið félagslegt fyrirbæri þar sem samspil ýmissa þátta í umhverfi, innan og utan skóla, hefur áhrif. Ekki eru allir jafn líklegir til að verða fyrir einelti og þar getur efnahags-, menningar- og félagsauður skipt máli. Líkur á einelti mótast af leikreglum á félagslegum vettvangi og samspili þátta sem hafa áhrif á sjálfsmynd og ríkjandi gildi. Börn og ungmenni sem ekki þykja falla nógu vel að ráðandi ímyndum eru líklegri en önnur til að vera jaðarsett. Hvaða ímyndir verða ráðandi, hvaða hæfni og eiginleikar njóta virðingar, fer eftir leikreglum vettvangsins sem

Að skoða tengslanetin

Kennarar sem vilja átta sig betur á aðgreiningu og blöndun í sínum námshópi geta gert tengslarit og þróað kennsluhætti sem ýta undir blöndun og skilning. Tengslarit er einfalt að búa til. Þau geta falist í því að skrá hvaða börn leika við hvaða börn, hvaða börn eru nefnd sem leikfélagar, sem vinir og þykja eftirsóknarverð. Tengslaritið má skoða í ljósi af félagslegri stöðu viðkomandi barna og af því má fá nokkra hugmynd um hverjum er mismunað og hverjum hampað. Í leikskólum hérlendis hafa tengslarit stundum verið notuð til þess að skoða samskipti og eineltistilburði í barnahópnum.

Fagráð um einelti

Fagráð um einelti var sett á fót til að bregðast við þeim eineltistilfellum sem ekki tekst að vinna farsællega úr í skólunum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Mikilvægt er að árétta að eftir sem áður er það skólasamfélagið sem fyrst og fremst á að bregðast við og leysa eineltismál. Fagráðið vinnur samkvæmt verklagsreglum sem sjá má á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

ráðast af mörgum þáttum. Þetta samspil á sér stað á öllum skólastigum og í öllum skólasamfélögum.

Hafa má í huga að á síðustu árum hafa foreldrar komið meira en áður að skólastarfi. Rannsóknir á erlendum vettvangi benda til að foreldrar sem njóta viðurkenningar fyrir formlega þekkingu eða stöðu í menningarlegu tilliti geti haft forskot á aðra foreldra þegar kemur að skólavali og samstarfi við sérfræðinga í skólum.[14] Í mörgum erlendum rannsóknum hefur verið fjallað um hvernig tengslanet háskólamenntaðra foreldra nýtist betur en tengslanet annarra foreldra til að fá sínu framgengt innan skólakerfisins.

Tenging jafnréttis við foreldrasamstarf.

Í tengslum við skóla er t.d. hægt að velta fyrir sér hvaða foreldrar eigi auðvelt með samstarf og hvaða foreldrar sækjast eftir því og hvaða foreldrar það eru sem skólar sækjast eftir samstarfi við. Hver kennari þarf að velta fyrir sér hvernig hann geti sem best náð til þeirra foreldra sem hann sér minnst af eða á erfiðast með að mynda samstarf við. Í leikskólum eru oft ömmu- og afadagar. Þar ætti að huga að lausnum fyrir börn sem ekki búa við þétt stuðningsnet og eiga ekki afa og ömmur innan seilingar. Í sumum leikskólum er vinum foreldra og frændfólki stundum boðið á ömmu- og afadaga.

Stéttaskipting í skólanum þínum?

Til umhugsunar og umræðu í hópi nemenda eða kennara:

Er hægt að greina valdastöður og stéttaskiptingu í skólanum þínum? Ef svo er, hvernig lýsir það sér? Hafðu í huga mun á milli skólastjórnenda, kennara og annars starfsfólks, á milli árganga nemenda, bekkja nemenda eftir námsgreinum o.s.frv. Hvað með bekkjarformenn og félög nemenda? Hverjir tróna á toppnum eða hafa meira áhrifavald en aðrir? Af hverju? Hvers konar þekking og hæfni nýtur virðingar? Litast samskipti á milli einstaklinga og hópa af virðingarröð eða stéttaskiptingu og hvernig stendur þá á því? Hvernig kemur kyn þar við sögu? Er stéttskiptingin ef til vill ólík eftir kyni? Er alltaf jákvætt að tilheyra þeim hópum sem þykja standa ofar en aðrir í hópnum eða þjóðfélaginu? Er hægt að teikna upp hvernig stéttir og völd birtast í skólanum og lýsa því með orðum? Hvað skýrir ólíka stöðu innan skólans, getur hún breyst og þá hvernig? Hvað af þessu má yfirfæra á önnur svið samfélagsins?

Búseta

Búseta er eitt af því sem getur skipað fólki í stéttir á Íslandi. Fólk býr í sveit, bæ eða borg og skilgreinir iðulega sig og möguleika sína út frá því. Það heldur gjarnan fram bæði kostum og göllum við dreifbýli og þéttbýli og sýnist sitt hverjum. Samkvæmt rannsókn Vífils Karlssonar (2008) eru fleiri karlar en konur sem kjósa að búa á landsbyggðinni. Hægt er að ígrunda hvers vegna svo sé. Þá má velta fyrir sér hvort ungt fólk telji að búseta skipti sköpum fyrir fólk með fatlanir, samkynhneigt fólk, börn, aldraða eða fólk á vinnumarkaði, konur og karla. Hægt

er að rýna í hvort það geti verið auðveldara eða jafnvel erfiðara að vera öðruvísi í minni samfélögum eða stærri.

Áhrif búsetu

Börn og unglingar ræða saman og skrá hvaða áhrif þeir telja að það hafi að búa í borg, þorpi eða sveit. Hefur búseta mismunandi áhrif eftir kyni? Hægt er að ræða hverjir séu mögulegir kostir og gallar þess að búa í borg, bæ eða dreifbýli, hvernig menningu og mannlífi á þessum stöðum sé háttað. Hvað geta samfélög gert til þess að draga úr neikvæðri sýn á önnur samfélög og efla jákvæða þætti í eigin samfélagi? Gagnlegt getur verið að eiga samræður við börn og unglinga á landsbyggðinni og í þéttbýlinu um kosti þess að búa í sinni heimabyggð.

Vefur Hagstofunnar

Nemendur geta notað vef Hagstofunnar til að skoða muninn á samsetningu íbúa, t.d. á Vestfjörðum eða á Austurlandi í samanburði við höfuðborgarsvæðið. Hvers vegna er svona mikill munur á aldurshópum á þessum svæðum? Hver er munurinn hvað snertir kynjahlutföll? Hvaða áhrif hefur það á samfélög þegar aldurs- og kynjahlutföll verða eins ójöfn og raun ber vitni? Hvaða ljósi varpar hugtakið eða grunnþátturinn sjálfbærni á þessi mál?

Dagsetningar

17. október – Alþjóðadagur helgaður útrýmingu fátæktar
8. nóvember – Eineltisdagurinn

Ítarefni

Hagstofan. http:// www.hagstofan.is.
Grimmd (e. *Bully*). Heimildarmynd sem segir sögur fimm bandarískra ungmenna sem þurftu að þola mikið einelti og hvernig sum þeirra tókust á við það.
Kompás – Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Höfundar Patricia Brander ofl. (2009). http://vefir.nams.is/kompas/index.html.

7 JAFNRÉTTI Í SKÓLUM

Krafan um jafnrétti í skólastarfi eins og hún birtist í lögum og námskrám er skýr og kemur úr mörgum áttum. Í lögum um öll skólastigin er kveðið á um að allir eigi jafnan aðgang að menntun og að skólastarf megi ekki mismuna fólki á grundvelli uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Má segja að þessar jafnréttisáherslur, sem fylgt er eftir í námskrám, séu grunnstoðir lýðræðis og skólastarfs. Skólar eru vinnustaðir fjölda fólks og samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 ber *„öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns að setja sér jafnréttisáætlun“*. Í 18. grein laganna kemur fram að í slíkri áætlun þarf að kveða á um launajafnrétti, laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og lýsa því hvernig atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka ætla að koma í veg fyrir kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustað. Þess má geta að Jafnréttisstofa veitir skólum góð ráð við gerð jafnréttisáætlana.

Jafnréttisgleraugu

Skólar eru vinnustaðir þúsunda barna, ungmenna og fullorðins fólks. Þar á að tryggja jafnrétti í orði og verki á öllum stigum og gæta þess að jafnrétti nái til allra einstaklinga og hópa í skólum. Þar ber að skoða jafnrétti í sinni víðustu mynd. Til þess að það sé unnt verður að eiga sér stað umræða um sýn okkar á jafnrétti. Þeir sem sjálfir falla í ráðandi hópa í hverju samfélagi eiga oft erfitt með að greina veikari stöðu annarra hópa og þeirra sem næst standa. Jafnréttisgleraugun eru hjálpartæki til að greina betur áhrifavald, valdahlutföll og tengsl. Þau skerpa sýn okkar á þessi fyrirbæri og hjálpa okkur við að koma auga á mismunun þar sem hún er til staðar. Sumt blasir við þegar að er gáð, annað liggur ekki í augum uppi og þarfnast kerfisbundinnar athugunar.

Hvað sjáum við með kynjagleraugunum?

- Hvaða orðræða er ráðandi meðal barna og unglinga um karlmennsku og kvenleika? Hvaða kynjahugmyndir má finna í flestum námshópum og hvaða kynjahugmyndir greina nemendur í vinahópa? Eru vinahópar kynjablandaðir? Eða taka þeir mið af konum og körlum sem andstæðum með ólík hlutverk og ólíkar þarfir?
- Hvaða staðalmyndum af kvenleika og karlmennsku heldur skólinn á lofti? Hvers konar hugmyndir koma nemendur með inn í skólann og hvað af þeim má sjá í hegðun þeirra í kennslustofunni og á leikvellinum? Er gert ráð fyrir að skólinn spegli samfélagið eða leggur hann sitt af mörkum til að opna nýja heima með nemendum?
- Hvers væntir skólinn af kennurum sínum í þessum efnum? Hvernig bregst þú sem fagmaður við þeim nemendum sem reyna að ögra viðteknum hugmyndum um karlmennsku og kvenleika? Hvernig er jafnræði milli nemenda hvað snertir athygli, rými og áhrif í skólastofunni eða í verkefnum? Ert þú sem fagmaður vakandi fyrir því að finna kvenlæga og karllæga styrkleika hjá nemendum af báðum kynjum, hampa þeim og vekja á þeim athygli?
- Skiptir kyn kennarans máli? Rannsóknir hafa sýnt að kyn kennara skiptir ekki máli fyrir námsárangur nemenda en mikilvægt er að karlar jafnt sem konur taki þátt í uppeldi og menntun barna.

Algengt er að fólk átti sig ekki á staðalmyndum sem stýra hegðun þess. Í rannsókn Lynch og Lodge (2002) hefur til að mynda komið fram að samskipti kennara við nemendur í grunnskóla eru í þremur af hverjum fjórum tilfellum við drengi. Strákar sem þykja til fyrirmyndar eða uppfylla ekki skilyrði skólans um æskilega hegðun, viðhorf, eða námsgetu virðast fá mikla athygli og kalla á viðbrögð en það sama á síður við um stelpurnar. Fram kemur að kennarar ávarpa stráka frekar með nafni en stelpur sem hóp.

Samverustund í leikskóla í ljósi jafnréttis, gátlisti.

Samþætting jafnréttismenntunar í öllu skólastarfi

Jafnréttismenntun þarf að vera samofin öllu skólastarfinu, bæði því formlega og óformlega. Henni á ekki einungis að finna þröngan samastað undir tilteknum námsþætti eða á sviði einnar námsgreinar. Hún snýr ekki bara að kynjamisrétti heldur öllu því sem hindrar nemendur, útilokar þá eða mismunar þeim í daglegu lífi og skólastarfi. Hún byggir á hugsjón um rétt barna og unglinga til velferðar og vellíðunar í skólum þar sem sanngirni og réttlæti öllum til handa eru í hávegum höfð.

Sumir skólar hafa fundið jafnréttisfræðslu stað innan ákveðinna námsgreina, t.d. lífsleikni eða félagsfræði. Aðrir bjóða upp á sérstaka áfanga um ákveðin svið jafnréttisfræðslu, eins og kynjafræði. Hvort tveggja er gott og nauðsynlegt svo að nemendur og kennarar fái á tilfinninguna að jafnréttismenntun eigi sér fastan farveg. Eftir sem áður þarf jafnrétti að fléttast inn í allt skólastarf. Enginn kennari

eða starfsmaður skóla ætti að leiða þetta hjá sér og treysta því að einhver annar sjái um jafnréttið heldur verður hver og einn að leggja sitt af mörkum.

Verkefnið Raddir

Fræðafólk frá nokkrum Evrópulöndum hefur þróað aðferð kallaða Raddir. Aðferðin er stundum nefnd samfélagsþátttökunám (e. *service learning*) og byggist á samstarfi skóla við stofnanir og samtök um raunveruleg samfélagsverkefni. Dæmi um verkefni sem byggir að einhverju leyti á þessari aðferð er verkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar þar sem fermingarbörn safna fyrir vatnsbrunnum í Afríku. Önnur verkefni geta verið í samvinnu við félagsstarf eldri borgara, Mannréttindaskrifstofu, Barnaheill, SOS barnaþorp, Þróunarsamvinnustofnun, Jafnréttisstofu og þar fram eftir götum. Nám og verkefni byggð á þessari aðferð eiga nokkur atriði sammerkt:

- Verkefnin eru jákvæð og skipta þátttakendur máli.
- Byggt er á samstarfi fremur en samkeppni.
- Tekið er á margþættum viðfangsefnum í flóknu umhverfi fremur en einföldum málum.
- Boðið er upp á tækifæri fyrir þátttakendur til að ræða og setja fram mögulegar lausnir.
- Nám ristir djúpt vegna þess að árangur sést strax og er raunverulegur.
- Verkefnin verða oft merkingarbær fyrir þátttakendur á persónulegum grunni, geta ögrað fyrri hugmyndum eða gildismati og kalla stundum fram tilfinningabundin viðbrögð.
- Aðferðafræðin byggist á samstarfi, hópvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Á netinu er hægt að nálgast frekari upplýsingar og hugmyndir um verkefni.[15]

Skýrt dæmi um áhrif allra greinasviða á jafnrétti eru námsbækur og önnur námsgögn. Margir kennarar, höfundar texta eða mynda og útgefendur gá að sér, eru alltaf með jafnréttisgleraugun uppi en dæmi eru um efni þar sem sýn á kyn eða aðra þjóðfélagshópa endurspeglar og ýtir jafnvel undir mismunun, þöggun

eða vafasamar staðalímyndir. Tilhneigingin til að taka dæmi af körlum fremur en konum eða láta þá leika hlutverk gerenda í texta og myndefni er rík og margir hópar hverfa í skuggann ef alltaf er teflt fram dæmum af ófötluðu fólki með ljósan hörundslit, í hefðbundnum kynhlutverkum eða viðteknu fjölskyldumynstri. Hættan er þá sú að aðrir fái ekki réttláta umfjöllun og viðurkenningu við hæfi. Við þessu er auðvelt að sporna með gátlista sem beinir athygli að mögulegri mismunun af þessu tagi.

Námsbókahöfundum er oft mikill vandi á höndum því orðræða vísindanna sem þeir byggja efni sitt á getur verið mörkuð af sögulegri kynjaskekkju og rótgrónum hugmyndum. Berglind Rós Magnúsdóttir (2002) skoðaði orðræðu námsbókahöfunda um æxlunarferlið. Í flestum bókum var fjallað um tvísýna hetjuför sáðfrumunnar til að bjarga egginu frá glötun, nokkurs konar persónusköpun í anda Grimms-ævintýra. Snemma á 9. áratugnum uppgötvuðu vísindamenn að þegar sáðfruman snertir eggið er eins og örtotar sem umlykja yfirborð eggsins framlengist, handsami sáðfrumuna og dragi hana rólega inn.

Í fræðitextum og þar af leiðandi einnig í kennslubókum var áfram þagað um virkni eggsins en aðeins dregið úr hástemmdri persónugervingu sáðfrumunnar. Mörkin milli raunveruleika og ævintýris, viðtekinna hugmynda og vísinda eru því ekki alltaf skýr.



Heimild: Kahle, 1987

Staðalmyndin um raunvísindamanninn

Þessi mynd er samansafn hugmynda úr fjölmennri rannsókn meðal 1600 unglinga á 9. áratugnum þar sem 86% stúlkna og 99% drengja lýstu raunvísindamanni sem karli. Nemendur höfðu hann hvítan (99%) og með gleraugu (86%). Þrátt fyrir að konur séu í meirihluta háskólanemenda eru þær enn fáar í raunvísindum á borð við eðlisfræði og stærðfræði. Er líklegt að niðurstaðan yrði svipuð ef skoðaðar væru hugmyndir um leikskólakennara eða hjúkrunarfræðinga? Hugmyndin um hugsuðinn eða snillinginn er oft kynjuð, bæði hvað varðar viðfangsefni og geranda.

Hvernig eru hugmyndir barna og unglinga í þínum skóla?

Eins má finna aðþrengjandi staðalmyndir um það sem einkennir „alvöru“ listamenn og rithöfunda. Auður Jónsdóttir lýsir í nýrri bók um þroskasögu sína sem rithöfundur því sem á að einkenna ritsnillinginn:

> Rithöfundar eiga ekki að vera feitir heldur mjóir og þrungnir leyndardómum eins og nektardansmær. Helst með langa útlimi eins og Paul Auster og útstæð augu í kinnfiskasognu andliti eins og Franz Kafka; þeir eiga að tína út úr sér orðin með ofurmannlegri reisn og valda andlegu sáðláti, óræðari á svip en nektardansmærin, sekúndubroti áður en hún kastar nærbuxunum. Það er líka fínt að minna á Kleópötru, svipað og Ásta Sigurðar.
>
> Úr bókinni *Ósjálfrátt* eftir Auði Jónsdóttur (2012)

Stjórnendur og starfslið skóla

Stjórnendur og starfslið skóla þurfa stöðugt að fylgjast með því hvernig jafnréttismálum er háttað innan vébanda skólans. Skoða þarf jafnrétti í starfsmannahópnum og ganga úr skugga um að þau séu í góðu lagi. Starfslið og starfshættir á hverjum stað eiga að vera börnum og unglingum góð fyrirmynd. Til að sem bestur árangur náist þurfa stjórnendur og allt starfsfólk skólans að vinna saman að gerð eða endurskoðun jafnréttisáætlunar. Aðkoma alls starfsfólks að þeirri vinnu er mikilvæg og allir verða að vita hvað hún felur í sér og átta sig á að hvaða leyti jafnrétti tengist starfssviði þeirra.

Ein leið til þess að flétta jafnrétti í allt skólastarf er að koma saman teymi starfsfólks sem hefur áhuga á efninu. Teymið skoðar skólastarfið og rýnir í fyrirliggjandi gögn og eigin reynslu og safnar nýjum gögnum til að kortleggja hvar og hvernig jafnrétti eða misrétti birtist í skólanum. Þá má skoða hvort eitthvað í umhverfi, stjórnun eða hugmyndafræði skólans geri hann aðgengilegri og vænni fyrir ákveðna þjóðfélagshópa en aðra. Í hverjum skóla er hægt að velta upp þeirri spurningu hvernig skólinn mæti og geri ráð fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og aðstæðum barna. Teymið skipuleggur umræður meðal starfsfólks, t.d. á

kaffihúsafundi, í því skyni að fá fram sjónarmið sem flestra. Niðurstöður fundarins eru svo notaðar til að gera áætlanir um aðgerðir til úrbóta.

Allt starfsfólk skóla ætti að velta fyrir sér eigin viðhorfum og hugleiða, þegar það mætir nýjum nemanda eða einhverjum úr hans nánasta hring, hvað það sjái fyrst: einstaklinginn eða kynið, persónuna eða þjóðernið, foreldrana eða þjóðfélagsstigann, barnið eða hjólastólinn. Kennarar keppast auðvitað við að sinna öllum nemendum jafnt og heilindi þeirra í þeim efnum þarf ekki að draga í efa. Samt er alltaf gott að staldra við öðru hverju og íhuga hvort einhvers staðar sé pottur brotinn og hvort ekki megi gera betur.

Lifandi bókasafn

Skemmtileg leið til þess að skapa vettvang til jafnréttisfræðslu fyrir nemendur gæti verið „lifandi bókasafn“ um jafnréttismál sem hópur nemenda tekur að sér að skipuleggja og framkvæma fyrir samnemendur sína. Safnið starfar nákvæmlega eins og venjulegt bókasafn og lesendur koma og fá „lánaða“ bók í tiltekinn tíma. Sá munur er þó á að bækurnar í þessu safni eru börn eða unglingar sem eru tilbúin til að deila reynslu sinni með lesendunum. Í bókasafninu geta bækurnar ekki aðeins talað, heldur einnig svarað spurningum lesandans og þar að auki spurt spurninga og aflað sér fróðleiks. Hópur sem skipuleggur slíkt bókasafn velur þema, fær bækur til þess að mæta og heldur utan um viðburðinn.[16]

Skólasafnið

er kjörinn vettvangur til þess að taka á jafnréttisfræðslu. Starfsfólk skólasafnsins getur litið yfir bókakostinn og skoðað hvort þar halli á annað kynið eða aðra hópa hvað snertir höfunda og ætlaða lesendur. Þá má skoða sýnileika bóka sem fjalla um alla þá sem endurspegla fjölbreytileika samfélagsins. Hægt er að stilla upp ákveðnum bókum, kvikmyndum, vefefni, ýmiss konar gögnum og efni eftir nemendur til að vekja athygli á ákveðnum hópum eða málaflokkum og skipta út eftir þemum þegar best hentar. Jafnréttissjónarmið má líka hafa að leiðarljósi á sögustundum, samkomum á safni og við heimildaleit, úrvinnslu gagna og hvers konar miðlun. Vef skólans, skýrslur og annað kynningarefni ætti alltaf að skoða með kynjagleraugum.

JAFNRÉTTI

Margar skemmtilegar leiðir eru til þess að flétta umfjöllun um jafnréttismál inn í námsgreinar. Á efstu stigum grunnskólans og í framhaldsskólum getur stærðfræðikennari sótt til Hagstofunnar tölur sem varða kynjajafnrétti og tengt þær jafnréttisumræðu í kennslu hjá sér á meðan tungumálakennarinn finnur til ljóð eða sögur sem brjóta upp staðalmyndir minnihlutahópa. Á yngri stigum er hægt að velta fyrir sér barnabókum, sögupersónum í bókum, litavali, leikjum og viðfangsefnum barna.

Góður kennari er næmur á fjölbreytileika í barna- og unglingahópnum og gætir þess að allir taki virkan þátt í námi á eigin forsendum. Fjölbreytt viðfangsefni og kennsluaðferðir eru lykillinn að því að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga. Viðhorf og þekking starfsfólks geta skapað góðan anda, stuðlað að góðum samskiptum og góðri skólamenningu. Þannig verður til góður jarðvegur fyrir jafnrétti.

Kennarar hafa mótandi áhrif á samskipti barna og unglinga og þeir þurfa að gefa sér tíma til að vinna með samskipti og skólabrag. Það skilar sér í þægilegra andrúmslofti og betra námsumhverfi. Þeir þurfa að huga að því hvert athyglin beinist, hver fær orðið, hvaða hugmyndir er hlustað á og á hverja er sussað. Það er líka mikilvægt fyrir kennara að velta fyrir sér hvaða menningu í hópi barna og unglinga þeir gefa rými og tíma og hvernig að því er staðið. Með því að rýna eigin viðhorf og vinnubrögð getur kennari komið á samskiptum í kennsluumhverfinu þar sem allir fá athygli og viðurkenningu.

Hugmyndir að viðfangsefnum og leiðum á átta námssviðum

Námssvið	3. –5. bekkur	6.–8. bekkur	9.–10. bekkur/ upphaf framhalds-skóla	Framhalds-skóli
Íslenska, íslenska sem annað mál	Semja sameiginlega sögu út frá myndum sem sýna menningarlegan margbreytileika, þ.á m. stöðu minnihlutahópa. Nota talsprota til að láta nemendur skiptast á að leggja til í söguþráð.	Fá nemendur til að skrifa upp eða leika þekkt atriði úr bókmenntum en víxla kynjum í öllum hlutverkum.	-Skoða kynjun í bókmenntatextum. -Ræða hvað það sé að vera aldraður. -Velja texta og greina hvernig öldruðum er lýst.	Greina orðræðu, t.d. þing- eða fjölmiðlafólks út frá kyni.
Erlend tungumál	Finna til erlent myndefni sem nær til þessa aldurshóps og fjallar um óréttlæti eða mismunun. Búa til hugarkort út frá hugtökum eins og vinátta, virðing, jafnrétti.	Rýna erlent barna- og unglingaefni og greina t.d. kynhlutverk, staðalmyndir eins og af unglingum og því að vera öðruvísi.	-Lesa bækur og horfa á kvikmyndir sem taka á kynþáttamisrétti. -Skoða söngtexta og söngleiki sem fjalla um ýmiss konar baráttu gegn undirokun.	Rýna erlenda sjónavarpsþætti og greina t.d. kynhlutverk, staðalmyndir sem tengjast kynþáttahyggju, fötlun, og því að vera öðruvísi. Sjá einnig 9.–10. b.
List- og verkgreinar	-Hanna nýtt alþjóðlegt merki fyrir fatlaða. -Vinna í hóp að verkefni í hönnun sem vekur athygli á misrétti, t.d. útbúa veggspjöld.	Hanna búnað sem hjálpar fólki með fötlun á einhvern hátt. Þetta geta verið hugmyndir, misjafnlega jarðbundnar, skissur, þrívíddarteikning í tölvu eða frumgerð af áþreifanlegum hlut.	-Skoða hefðbundnar íslenskar fjölskylduljósmyndir. Hvað er hægt að lesa úr uppstillingum? -Vinna að ljósmyndaverkefni með áherslu á jafnrétti kynja.	Skoða myndlist og kanna hvernig mismunandi sjónarhorn og stemning, litaval, fatnaður og látbragð lýsa daglegu lífi, kynhlutverkum og minnihlutahópum í meðferð listamanna.
Náttúrugreinar	Fjalla um fjölbreytileika lífvera í jákvæðu ljósi. Pæla í fjölbreytileika í plöntu- og dýralífi, ræða um mikilvægi fjölbreytileikans og hvernig stuðla megi að honum. -Ræða um tengsl sjálfbærni og jafnréttis.	Skima hugtök um náttúrfyrirbrigði og spyrja hvort kyn orða skipti þar máli eða endurspegli einhverja sérstaka eiginleika. Dæmi: Stormur, bylur, elding, þruma – Úrhelli, rigning, skúr, úði – Foss, flúð, iða …	-Umræður um fjölbreytileika mannkyns. Beina athygli að því sammannlega og hættunni við að flokka fólk eftir húðlit, trúarbrögðum eða öðru. -Skoða samkynhneigð í dýraríkinu.	Velta fyrir sér mismunandi forsendum fyrir því hvernig fólk er flokkað í kyn?
Íþróttir	Nemendur búa til þrautabraut eftir eigin höfði þar sem útgangspunkturinn er að allir geti tekið þátt, þ. á m. nemendur með mismunandi sérþarfir.			

Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, siðfræði	Fjölbreytileiki trúarhugmynda – nemendur kynna sér nokkur af helstu trúarbrögðum og kynna þau hvert fyrir öðru. Þar má t.d. skoða hefðir og trúarhátíðir og hvernig þær hafa áhrif á daglegt líf.	Fara í leiki þar sem félagar verða að treysta hver á annan. -Setja á svið atriði úr mannskynssögunni þar sem fólk hefur staðið upp fyrir rétti annars fólks. -Skoða hvað er sameiginlegt í trúarathöfnum mismunandi trúflokka.	-Rökræður um tiltekið álitamál tengt jafnrétti, innan skólans t.d. eða í samfélaginu. Einn hópur er með og annar á móti. -Nemendur kynna sér lífshlaup nokkurra listamanna. Hvaða hugmyndaheima eru þau að skoða með list sinni? Hvernig hefur þeim tekist til?	-Samskipti í nánum samböndum. Tala um virðingu á milli para. -Ræða siðferðileg álitamál sem tengjast tækni og læknavísindum, mannkynbótum, fósturskimunum og fleiru. Umræðu má tengja mannréttindasáttmála og réttarhöldum í Nürnberg.
Stærðfræði	Búa til gröf yfir fjölda nemenda í skóla/bekk skipt eftir t.d. kyni, aldri, þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi o.s.frv. Greina og ræða niðurstöður.	Nota tölur frá Hagstofunni um konur og karla, aldur, búsetu, innflytjendur og annað af því tagi til að setja fram á grafískan og jafnvel leikrænan hátt, sbr. fréttaflutning.	Hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, kynhlutverk og útlit. Hvað kostar að vera kvenleg/karlmannlegur? Reikna saman allar snyrtivörurnar, klæðnaðinn, klippinguna og annað.	Rýna tölur sem sýna launamun kynjanna. Skoða þróun launa hjá körlum og konum og reikna fram í tímann hvenær fullkomnu launajafnrétti verður náð miðað við þróun seinustu áratuga.
Upplýsinga- og tæknimennt	Búa til teiknimyndasögu eða leikna mynd um efni tengt jafnrétti eða mismunun. -Athuga vef Listasafns Íslands sem er sérstaklega gerður fyrir skóla út frá kynjasjónarmiði.	-Fjalla um og prófa tækni sem opnar leiðir fyrir fólk með mismunandi skerðingu. -Taka upp og birta viðtal við einstaklinga sem tilheyra einhverjum minnihlutahópi.	Nota tækni og stafræna miðla til að búa til efni um jafnrétti á ýmsum sviðum. -Koma á samstarfi við elliheimili þar sem nemendur geta kennt eldri borgurum á tæknina.	Pæla í aðgengi að upplýsingum og ræða hvernig það hamlar og styður við lýðræði. Útbúa hugarkort um efnið og tengja ýmsum upplýsingalindum.

Andi skólastarfs og umhverfi

Breyting á skólastarfi í átt til jafnréttis felst fyrst og fremst í mótun menningar og viðhorfa. Skólastjórar gegna þar lykilhlutverki því þeir eru leiðtogar í öllu breytingar- og þróunarstarfi innan skólans. Þeir þurfa að leita leiða til að styrkja kennara í vinnu með fjölbreytileika nemendahópsins og jafnrétti í skólastarfi.

Skapa þarf umhverfi samræðu sem stuðlar að þekkingarleit og tryggja að virðing sé borin fyrir þeirri reynslu sem hver og einn býr yfir, hvort sem um er að ræða börn, unglinga eða starfsfólk. Valddreifing og vinna í teymum stuðla að góðum árangri og allir, bæði ungir og aldnir, eiga að njóta sömu virðingar. Endurmenntun starfsfólks er mikilvægur þáttur í þessu, t.d. fræðslufundir um

jafnréttismál en samræða og samvinna starfsfólks er einnig mikilvægur hluti af símenntun.

Kaffihúsafundir hafa gefist vel bæði meðal nemenda og starfsmanna. Þetta eru hugarflugsfundir þar sem þátttakendum er skipt í litla hópa sem sitja saman við borð og ræða ákveðnar spurningar. Hóparnir eru leystir upp eftir ákveðinn tíma og nýir hópar myndaðir. Þess er gætt að einn úr hverjum hópi sitji eftir við borðið og í hvern nýjan hóp komi þátttakendur af ólíkum borðum. Áfram er rætt og þátttakendur greina frá því sem rætt var á þeirra borðum. Að lokum eru niðurstöður hvers borðs lagðar fram og aðgerðaáætlun byggð á þeim. Með þessu nást fram margar raddir, mörg sjónarhorn og þátttakendur hafa með þessu bein áhrif á stefnumótun.[17]

Mismunandi skólastig kalla á mismunandi áherslur. Á ólíkum skólastigum má skoða spurningar eins og þessar:

- Hvers konar vægi fá nemendamenning og nemendalýðræði í jafnréttisáætlun og annarri stefnumótun skólans?
- Er gert ráð fyrir því að nemendur taki þátt í að móta og fylgja eftir jafnréttisáætlun skólans?
- Er þess gætt að andlit skólans út á við séu ekki einsleit út frá t.d. kyni, stöðu og kynþætti? Í því felst að skoða hvort allir taki almennt þátt í þeim atburðum sem eru skipulagðir fyrir eða með nemendum.
- Hvernig birtist skólinn gestum og gangandi á veggjum eða vefsíðu skólans?
- Er fjölbreytileiki sem einkennir skólann sýnilegur?
- Eru sértækar aðgerðir til að ýta undir virðingu og samlögun (e. *inclusion*) nemenda og starfsmanna sem eru af erlendu bergi brotnir eða úr öðrum minnihlutahópum og er unnið gegn fordómum í þeirra garð?
- Hvernig er leikvöllurinn? Endurspeglar hann þarfir mismunandi hópa og aldurs?
- Hvernig er aðgengi að tölvum og hugbúnaði?
- Er íþrótta- og félagsaðstaða í skólanum notuð af breiðum hópi nemenda?

JAFNRÉTTI

Ein leið til að bæta skólabrag er að fá börn og unglinga til að búa til samskiptareglur, gefa þeim tækifæri til að taka þátt í verkefnavali, hlutverkavali og koma að ákvörðunum um hvernig þau vinna og skila verkefnum. Með umræðu í hópi barna eða bekk má beina athygli að framlagi allra í hópnum og sýna fram á að sjónarmið hvers og eins hefur þýðingu.

Önnur leið er að skoða innviði skólastarfsins með augum barna og unglinga. Fá þau til að setja upp jafnréttisgleraugun og meta ýmsa þætti námsins, skólastarfið almennt og samskipti sín í milli. Þau vilja gjarnan hafa eitthvað um skólaumhverfi sitt að segja og mikilvægt að fá þau til þess að taka eins mikinn þátt í að móta það og unnt er.

Gátlisti til umhugsunar og umræðu um jafnrétti í skólum

Myndir og upplýsingar á veggjum

- Hvernig birtast konur og karlar í upplýsingum og myndefni? Eru þar dæmi um staðlaðar kynímyndir?
- Taka konur og karlar virkan þátt í því sem fram fer á myndunum?
- Hvaða störfum gegna karlar og konur á myndunum?
- Fá verk bæði drengja og stúlkna að njóta sín á veggjum? Hallar á annað hvort kynið í þeim efnum?

Bækur og textar

- Eru staðlaðar kynímyndir í því sem lesið er fyrir börnin?
- Er jafnvægis milli kynja gætt í bókum og söngvum? Hverjar eru fyrirmyndirnar þar (búa feður og mæður til mat og bjarga prinsar og prinsessur hvert öðru)?
- Eru lesnar sögur og aðrir textar þar sem karlar og konur eru ekki í hefðbundnum hlutverkum?
- Er fjallað um vináttu og leik barna af báðum kynjum?
- Draga lestextar og bækur upp jákvæða mynd af bæði konum og körlum?

Húsakynni og dagskipulag

- Er þess gætt að stelpur og strákar hafi tækifæri til að leika sér, vinna saman og mynda vináttutengsl?
- Höfðar leikfangakostur leikskólans til beggja kynja?

Samskipti og framkoma við börn

- Er talað á sama hátt til stelpna og stráka?
- Er reynt að tala til barna/nemenda í stað þess að tala til hópa eftir kyni?
- Eru strákar ávarpaðir með nafni en stelpurnar sem hópur? („Hvað heldur þú, Sigurður?“„En þú, Helgi?“ „Hvað segið þið, stelpur? “)
- Er tekið á því þegar annað kynið yfirskyggir hitt?
- Fá stelpur og strákar sömu hvatningu þegar þau fást við hörð eða mjúk viðfangsefni eða snarpa og rólega leiki?
- Eru bæði drengir og stúlkur hvött til að vera hjálpsöm hvert við annað?
- Er ólíkt tekið á stúlkum og drengjum þegar þau sýna yfirgang eða hlédrægni?
- Fá stelpur og strákar sömu hvatningu þegar kallað er eftir snyrtimennsku og tiltekt?
- Fá stelpur og strákar álíka mikla athygli?
- Eru stelpur og strákar ámóta virk í leik, umræðum og samstarfi?
- Fá stelpur og strákar ámóta gagnrýni og eru gerðar sömu kröfur til þeirra?
- Er notað orðfæri sem upphefur eða niðurlægir annað kynið?

Foreldrasamstarf

- Við hvort foreldrið er haft samband þegar börnin veikjast eða eitthvað kemur upp á og láta þarf foreldra vita?
- Fá feður og mæður jafn mikla hvatningu til að mæta á foreldrafundi og í foreldraviðtöl eða taka þátt í öðru því sem ætlað er foreldrum?
- Eru bæði feður og mæður hvött til að taka sæti í nefndum og ráðum sem tengjast skólastarfinu?
- Höfða auglýsingar og upplýsingar til foreldra jafnt til feðra og mæðra?

Byggt á gátlista verkefnisins Jafnrétti í skólum

8 LOKAORÐ

Jafnrétti er grunnþáttur í menntun og skólastarfi. Jafnréttismenntun þarf að vera í traustum farvegi í hverjum skóla og jafnrétti á að lita allt skólastarf. Til þess að svo megi verða þarf gagnrýna sýn og hvetjandi umræðu sem snertir öll svið skólastarfsins. Börn og unglingar þurfa hvatningu og stuðning svo þau geti látið til sín taka á sínum forsendum og átt í farsælu samstarfi við aðra. Þau þurfa að hafa trú á eigin getu og treysta því að þau hafi margt til málanna að leggja en læra um leið að taka tillit til annarra. Ríkur hluti af barna- og unglingamenningu eru leikir og athafnir í frjálsum tíma á vegum skólans, í útivist og frímínútum. Yngri börn læra af þeim eldri og samskipti aldurshópa eru mikilvæg. Skólinn þarf að stuðla að góðum samskiptum og fá bæði börn og unglinga til að leggja sitt af mörkum á jafnréttisgrundvelli. Börn og unglingar þurfa að finna að á þau sé hlustað og skoðanir þeirra virtar í leik og starfi. Þau eru sjálf býsna glögg að koma auga á hvar pottur er brotinn í jafnréttismálum, átta sig furðu vel á hvernig á því stendur og sjá hvað það hefur í för með sér. Miklu skiptir að fá þau til að leita svara við því hvar og hvenær fólki er mismunað, vekja spurningar um jafnrétti og hjálpa þeim að greina sjálf og í góðri samvinnu hvað megi gera betur. Það er von okkar að jafnréttisheftið komi að sem mestu gagni og verði til að stuðla að jafnrétti í skólum, umræðum og þróunarstarfi. Við vonum að það geti orðið öflugu og gróskumiklu skólasamfélagi eitt af mörgum verkfærum að grípa til í verkfærakistunni hvenær sem best hentar.

Þakkir

Hafsteinn Karlsson og Torfi Hjartarson fá sérstakar þakkir fyrir yfirlestur, ráð og ábendingar við gerð ritsins. Eftirtaldir eiga einnig þakkir skilið fyrir ábendingar, samræður og yfirlestur: Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Harpa Rut Hilmarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Hrefna K. Óskarsdóttir, Ingólfur Á. Jóhannesson, Jóna Pálsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Sesselja Snævarr og Sigrún Ágústdóttir.

TILVÍSANIR

1 Sjá t.d. umfjöllun Bryndísar Björgvinsdóttur um bleiku og bláu bækurnar á vefnum **knùz** 9. nóvember 2012 á vefslóðinni http://www.knuz.is.
2 Benda má á bókina *Delusions of Gender: How Our Minds, Society, and Neurosexism Create Difference* eftir Cordelia Fine um rannsóknir sem beinast að líffræðilegum mun á huga karla og kvenna. Höfundur gagnrýnir fjölda rannsókna, telur niðurstöður rangar, segir þær oftúlkaðar og þeim gert of hátt undir höfði í fjölmiðlum. Hún leiðir að því rök að menningarleg og félagsleg viðhorf móti sýn á kynjamun sem svo margir þykjast greina.
3 Með tvíhyggju er átt við þá sýn að veruleikinn skiptist með einhverjum afgerandi hætti í tvo hluta, þannig að um þessa tvo hluta hans gildi gerólík lögmál. Sem dæmi um tvíhyggju má nefna þá sýn að konur og karlar séu fremur tveir stofnar en tvær greinar af sama meiði, að konur búi sjaldan eða aldrei yfir karllægum eiginleikum eða karlar kvenlægum, að kynin séu skýrt afmarkaðir og ólíkir hópar í stað þess að endurspegla blæbrigði eða róf ýmiss konar eiginleika sem geta verið breytilegir og í alls konar samsetningum.
4 Sjá Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (ritstjórar). (2010). *The Nordic youth research among 16 to 19 year old in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden.* Reykjavík: Rannsóknir og greining.
5 Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sjá hugtakaskilgreiningar aftast í heftinu.
6 *Kynungabók*, bls. 42.
7 Sjá tengil í skýrsluna og umfjöllun ráðuneytisins á vefslóðinni http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28522.
8 Rannsóknin var unnin af Rannsóknum og greiningu fyrir Barnaverndarstofu.
9 Sjá nánar um verkefnið á slóðinni http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/.
10 Sjá Bergljót Baldursdóttir og Ásgrímur Angantýsson. (15. janúar 2012). *Þetta þótti bara ljótt og leiðinlegt.* [útvarpsþáttur]. Reykjavík: Ríkisútvarpið. Sótt af http://ruv.is/sarpurinn/thetta-thotti-bara-ljott-og-leidinlegt/15012012.
11 Sjá bls. 6 í Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir. (2012). Þegar fötlun verður feimnismál. Í Sveinn Eggertsson og Ása G . Ásgeirsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
12 Skipulagt skólahald fyrir heyrnarlausa hófst á Íslandi 1867og skólaskylda heyrnarlausra 1872.
13 Samanber kenningar Bourdieu (1986).
14 Sjá t.d. rannsóknir Lareau og Horvat (1999) og Reay (1998).
15 Jerome, L., Aktan, E., Rone, S., og Verkest, H. (2011). *Proposal for a life long learning citizenship education project*. London: CICE publication. Sótt af http://www.londonmet.ac.uk/fms/MRSite/Research/cice/pubs/professional/professional-06.pdf.
16 Sjá Abergel, R., Rothemund, A., Titley, G. og Wootsch, P. (2005). *Lifandi bókasafn: Leiðbeiningar fyrir skipuleggjendur.* Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð í samvinnu við Evrópuráðið. Sótt af http://humanlibrary.org/assets/files/guides/Living%20Library%20Finnish.pdf
17 Sjá Anne de A'Echevarria. (June 2010). *Developing 'effective participators' using the World Café.* [grein á á vefnum *teachingexpertise*.] Sótt af http://www.teachingexpertise.com/e-bulletins/developing-effective-participators-using-world-cafe-8689.

HEIMILDIR

Abergel, R., Rothemund, A., Titley, G. og Wootsch, P. (2005). *Lifandi bókasafn: Leiðbeiningar fyrir skipuleggjendur.* Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð – í samvinnu við Evrópuráðið. Sótt af http://humanlibrary.org/assets/files/guides/Living%20Library%20Finnish.pdf

Berglind Rós Magnúsdóttir. (2002). Hvar er drottningin? Orðræðan um kynfrumur og kynfæri mannsins í fræðitextum og kennslubókum. *Uppeldi og menntun, 11,* 263–278.

Berglind Rós Magnúsdóttir. (2006). Námshegðun leiðtoga í unglingabekk í ljósi kenninga um menningarauðmagn. *Tímarit um menntarannsóknir, 3*, 42–59.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Booth, T., og Ainscow, M. (2002). *Index for inclusion: developing learning and participation in schools.* Centre for Studies on Inclusive Education (CSIE).

Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. E. Richardson (ritstjóri), *Handbook of theory of research for the sociology of education* (bls. 241–258). Greenword: Greenword Press.

de A'Echevarria, A. (2010). *Developing 'effective participators' using the World Café.* [Grein á á vefnum teachingexpertise.] Sótt af http://www.teachingexpertise.com/e-bulletins/developing-effective-participators-using-worldcafe-8689.

Dóra S. Bjarnason. (2012). „A Rabid Inclusionist" á *Nordic network on disability network.* Sótt 7. des. 2012 af http://nndr.org/2012/01/27/a-rabid-inclusionist.

Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). „Móðurmál og tvítyngi". Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar). *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 101–129). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ.

Embætti landlæknis. (2013). *Örugg saman – um náin samskipti kynjanna.* Þýtt og staðfært.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heilbrigðisráðuneytið. (2010). *Greinargerð um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum.* Reykjavík.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2008). *Ungt fólk, samfélagið og verkalýðshreyfingin: Viðhorfskönnun í maí til júlí 2008.* Könnun unnin fyrir Alþýðusamband Íslands. Guðlaug J. Sturludóttir, Ívar Snorrason, Margrét Guðmundsdóttir og Friðrik H. Jónsson (ritstjórar).

Fine, C. (2010). *Delusions of gender: How our minds, society, and neurosexism create difference.* New York: W.W. Norton Company.

Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berglind L. Hafsteinsdóttir. (2009). *Staða innflytjenda á erfiðleikatímum, raddir og viðhorf.* MIRRA. Rannsókn unnin í samvinnu við Rauða kross Íslands.

Hlín Kristbergsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2011). Einelti unglinga: Félagslegir áhættuþættir. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild* (bls. 290 -297). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi.* Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

Jerome, L., Aktan, E., Rone, S., og Verkest, H. (2011). *Proposal for a life long learning citizenship education project.* London: CICE publication. Sótt af http://www.londonmet.ac.uk/fms/MRSite/Research/cice/pubs/professional/professional-06.pdf.

Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). „Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu": Eru skólar á Íslandi gagnkynhneigðir? *Ráðstefnurit Netlu* – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.khi.is/menntakvika2010/017.pdf.

Kahle, J. (1987). Images of science: The physicist and the cowboy. Í B. Fraser og G. Giddings (ritstjórar), *Gender issues in science education 1, 2*. Perth: Curtin University of Technology. Byggt á Schiebinger, L. (1999). Has feminism changed science? Cambridge og London: Harward University Press.

Katrín Anna Guðmundsdóttir (2010). *„Ég lít ekki svo á að ég sé að breyta fjóðfélaginu": Um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af http://hdl.handle.net/1946/4752.

Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir. (2007). Fjölmenningarleg kennsla í Manitoba í Kanada, í Noregi og á Íslandi. *Tímarit um menntarannsóknir, 4,* 137–156.

Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir. (2010). „Þau eru bara óheppin": Um skilning og notkun ófatlaðra ungmenna á fötlunarhugtökum. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar). *Rannsóknir í félagsvísindum XI,* (bls. 141–149). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Félags - og mannvísindadeild.

Kristín Björnsdóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir. (2012). Þegar fötlun verður feimnismál. Í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstjórar). *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*, (bls. 1–8). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Lareau, A. og Horvat, E. M. (1999). Moments of social inclusion and exclusion race, class, and cultural capital in family-school relationships. *Sociology of Education, 72*, 37–53.

Lynch, K. og Lodge, A. (2002). *Equality and power in schools: Redistribution, recognition and representation*. London, New York: Routledge Falmer.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (ritstjórar). (2010). *The Nordic youth research among 16 to 19 year old in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Menntamálaráðuneytið. (2002). *Menntun fyrir alla: Yfirlýsing sett fram á alþjóðaráðstefnu UNESCO í Dakar árið 2000: Ísland: Skýrsla nefndar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Páll Óskar Hjálmtýsson (leikstjóri). (2013). *Fáðu já: Stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs* [stuttmynd]. Reykjavík: Zeta.

Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (1999). *Umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Reay, D. (1998). Cultural reproduction: Mothers' involvement in their children's primary schooling. Í M. Grenfell og D. James (ritstjórar), *Bourdieu and Education* (bls. 55–71). London: Falmer Press.

Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Kennarar og kennarastarf í fjölmenningarlegu samfélagi: raddir kennara innflytjendabarna. *Tímarit um menntarannsóknir*; 7 (1), 77–92.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Ársæll M. Arnarsson og Andrea Hjálmsdóttir. (2010). Lífsánægja samkynhneigðra unglinga í 10. bekk. *Sálfræðiritið*, 15, 23–36.

Skelton, C. (2001). Typical boys? Theorizing masculinity in educational settings. Í B. Francis og C. Skelton (ritstjórar), *Investigating Gender: Contemporary perspectives in education* (bls. 164–176). Buckingham: Philadelphia.

Van Ausdale, D. og J. R. Feagin. (2001). *The First R: How children learn race and racism*. Oxford: Rowman and Littlefield Publishers.

Vífill Karlsson. (2008). Búferlaflutningar og mannfjöldaþróun á Vesturlandi í samanburði við landið allt. *Hagvísir Vesturlands 1*.

World Economic Forum. (2012). *The global dender gap report 2012*. Sótt 14. nóv. 2012 af http://www.weforum.org/reports/global-gender-gap-report-2012

Þórdís Þórðardóttir. (2012). *Menningarlæsi: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

JAFNRÉTTI

RITRÖÐ UM GRUNNÞÆTTI MENNTUNAR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

NÁMSGAGNASTOFNUN
08877